Ein er þó sú nálgun sem má segja að sé hafin yfir þá gagnrýni sem hér hefur verið sett fram og það er umrædd Auðarnálgun. Auðarnálgunin, sem er aðalsmerki þeirra rannsókna sem Auður hefur stundað, birtist í því að úrtakið er þýðið og svarhlutfallið nánast allt þýðið og þá er ekki átt við afmarkaðan lítinn hóp heldur viðhorf nánast allra dönskukennara á Íslandi til dönskukennslu, samanburð á frammistöðu nánast allra nemenda umræddra kennara á samræmdum prófum og djúpvíðtöl við þá kennara sem kenndu bekkjunum sem sköruðu fram úr á prófinu (Auður Hauksdóttir, 1990, 2001). Þeim rannsóknum fylgdi Auður síðan eftir í rannsókn sinni á því hvernig danskan nýttist íslenskum nemendum í háskólanámi í Danmörku (Auður Hauksdóttir, 2012). Slíkar rannsóknir eru nánast einsdæmi í heimi hagnýtra málvísinda þar sem fræðimenn kynna iðulega niðurstöður rannsókna á máltileinkun eigin nemenda eða fárra nemenda eða gefa út bækur með niðurstöðum úr könnunum sem byggjast á tiltölulega fámennu úrtaki. Íslenskir fræðimenn hafa í ýmsu tilliti notið góðs af Auðarnálguninni því víða erlendis, a.m.k. annars staðar á Norðurlöndum, trúna menn því að í öllum rannsóknum á Íslandi sé Auðarnálguninni beitt – sem gefur rannsóknarniðurstöðum annarra íslenskra fræðimanna meira vægi en efni eru kannski til.

Erlendir fræðimenn kalla eftir langtímarannsóknum breiðs hóps rannsakenda þar sem stuðst er við blandaðar rannsóknaraðferðir sem leiða af sér marghliða lýsingu (e. *thick description*) á viðfangsefninu og samhengi þess. Eins og Auður hefur margoft bent á er Ísland



að mörgu leyti tilvalinn rannsóknarvettvangur í hagnýtum málvísindum og rannsóknum á sambýli tungumála, einmitt vegna þess að auðveldara er að vinna að langtímarannsóknum þegar nálægðin við viðfangsefnið er mikil. Auður hefur með verkum sínum bætt um betur og farið á undan með góðu fordæmi. Hafi hún þökk fyrir.

## Heimildir

- Auður Hauksdóttir. (2012). *Dansk som fremmedsprog i en akademisk kontekst: Om islændinges behov for danskundskaber under videreuddannelse i Danmark*. Copenhagen Studies in Bilingualism, no. 68. Kaupmannahöfn: University of Copenhagen.
- Auður Hauksdóttir. (2001). *Lærerens strategier – elevernes dansk*. Dansk som fremmedsprog i Island. Kaupmannahöfn: Nordic Council of Ministers. Tema Nord. Revised PhD dissertation.
- Auður Hauksdóttir. (1990). *Dansk som fremmedsprog i de islandske gymnasieskoler*. Reykjavík: Institute of Foreign Languages, University of Iceland.
- Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstj.). (2018). *Language development across the life span: The impact of English on education and work in Iceland*. Springer.
- Blommaert, J. (2007). The scope and depth of linguistic ethnography. *Journal of Sociology* 11(5), 682–688. <https://doi.org/10.1111/j.1467-9841.2007.00346.x>
- Blommaert, J. og Rampton, B. (2011). Language and Superdiversity. *Diversities* 13(2), 1–22.
- Ellis, N. C. og Larsen-Freeman, D. (2006). Language Emergence: Implications for Applied Linguistics – Introduction to the Special Issue. *Applied Linguistics*, 27(4), 558–589. <https://doi.org/10.1093/applin/aml028>
- Holmen, A. (2016). Dansk som akademisk sprog for nordiske studerende. I: Torbjørg Breivik (ritstj.). *Sprog i Norden*, 37–48.
- Horwitz, E. K. (1988). The beliefs about language learning of beginning university foreign language students. *The Modern Language Journal*, 72(3), 283–294.
- Lillis, T. M. (2008). Ethnography as method, methodology, and „Deep Theorizing“: Closing the gap between text and context in academic writing research. *Written Communication* 25(3) DOI: 10.1177/0741088308319229

## Auður málsháttanna

Málshættir skipa veglegan sess í máli og vitund Íslendinga. Yfirleitt ríkir til dæmis töluverð spenna yfir því hvaða málshátt hver fær í páskaeggjnu sínu á páskadagsmorgun. Oft skapast þá fjörugar umræður um málshættina og sumir efast um að þeir séu yfirleitt til, svo undarlega geta þeir komið fólki fyrir sjónir. Stundum er fullyrt að páskaeggjaframleiðendur sitji og semji nýja málshætti, svo framandi þykja þeir vera. Þá er gjarnan gripið til þess ráðs að gúgla málsháttinn og ef það ber ekki árangur er leitað í uppflettirit á borð við *Merg málsins* eða *Rætur málsins* eftir Jón G. Friðjónsson, *Íslenska málshætti* eftir Sölva Sveinsson eða *Íslenska málshætti* eftir Bjarna Vilhjálmsson og Óskar Halldórsson, svo dæmi um uppflettirit á þessu sviði séu tekin. Oftar en ekki kemur þá í ljós að viðkomandi málsháttur er í uppflettiritunum og á e.t.v. rætur sínar að rekja til Íslendingasagna eða biblíunnar og vekur það jafnan kátínu og undrun. Algengt er einnig að fólk setji mynd af málshættinum sem í páskaeggjnu leyndist á samfélagsmiðla og þannig skapast dýrmæt umræða um íslenskt mál, uppruna málshátta og breytingar á merkingu þeirra. Þá má geta þess að í aðdraganda páska eru nafnkunnir einstaklingar stundum spurðir um uppáhaldsmálshætti sína og íslenskufraeðingar koma fram í fjölmiðlum til að skýra uppruna og merkingu. Loks má benda á að fjöldi fyrirspurna er á Vísindavef Háskóla Íslands um föst orðasambönd, málshætti og orðatiltæki. Þessi föstu orðasambönd eru lifandi í íslensku máli og í því felst því mikill auður.

Málsháttur (d. *ordsprog*, þ. *Spruchwort*) kallast þau föstu orðasambönd sem mynda fullyrðingar og ekki er þörf á að tengja textasam-

henginu nánar, málsháttur getur staðið einn og sér og í honum felst full hugsun. Í *Íslensku alfræðiorðabókinni* er eftirfarandi skilgreiningu á málshætti að finna: „stutt fastmótuð setning sem felur í sér lífsspeki eða almenn sannindi, oft stuðluð eða rímuð og byggist á myndlíkingum“<sup>1</sup>. Dæmi: *Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni* eða *Morgunstund gefur gull í mund*. Oft felst í málsháttum lífsspeki eða boðskapur og ekki er vitað hver höfundur málsháttarins er. Ef höfundur er þekktur kallast fullyrðingin fleyg orð. Málshættir eiga sér mismunandi uppruna, til dæmis í menningu, atvinnuháttum, bókmenntum og sögu og hafa varðveist mann fram af manni, kynslóð eftir kynslóð.

Mörg dæmi eru um að málshættir með sama uppruna og sömu merkingu séu til í mörgum tungumálum. Skal nú tekið dæmi um vinsælan málshátt sem m.a. er þekktur í íslensku, dönsku og þýsku. Þýski málshátturinn *Aller guten Dinge sind drei*, sem kemur fyrir í *Deutsches Sprichwörter-Lexikon* eftir Karl Friedrich Wilhelm Wander með rithættinum *Aller guten Ding seynd drey*, á sér samsvörun á íslensku í málshættinum *allt er þegar þrennt er* og einnig á dönsku *alle gode gange tre*.

Talan þrír býr yfir töframætti, hún kemur iðulega fyrir í trúarbrögðum og ævintýrum sem og í goðafræði og hefur verið talin heilög; nægir þar að benda á vitringana þrjá og hina heilögu þrenningu. Sú staðreynd hefur e.t.v. haft áhrif á notkun, útbreiðslu og vinsældir málsháttarins. Ef tilurð þýska málsháttarins er skoðuð kemur í ljós að hann á rætur að rekja til forns réttarfars. Orðið *Ding* er leitt af Thing ‚þing‘. Þing var upprunalega notað yfir samkomur germanskra ættbálka þar sem fjallað var um málefni ættflokksins og voru þessar samkomur nokkurs konar löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdavald þess tíma. Skýring Wanders á málshættinum er eftirfarandi: „Merki ‚Ding‘ upphaflega dómstóll þýðir málshátturinn að hver og einn eigi rétt á fyrirtöku máls síns á þremur lögmætum þingum. [...] Þannig felur málshátturinn í sér að fjalla skuli um hvert mál á þremur lögmætum þingum, áður en unnt er að dæma þann sem brotið hefur af sér.“<sup>2</sup> Í þessari skýringu er

1 *Íslenska alfræðiorðabókin*. Ritstj. Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir, 3 bd. Reykjavík: Örn og Örlygur, 1990, bd. 2, bls. 460.

2 „Nimmt man ‚Ding‘ für Gericht, dann bedeutet das Sprichwort zunächst, dass jedem drei Dinge

notað hugtakið *echtes Ding* og þar með lögð áhersla á að um lög-  
mætt þing sé að ræða. Das *echte Ding* eða *Echtding* er skv. orðabók  
Grimmsbræðra notað um þing sem haldin voru árlega, þrisvar  
á ári.<sup>3</sup> Eldri merking orðins *Ding* finnst enn í þýsku í orðasam-  
bandinu *dingfest machen*, sem merkir annars vegar ‚handtaka e-n‘ eða  
‚ákveða‘; íslenska orðið *þingfesta* merkir aftur á móti að leggja fram  
og fá skráða stefnu hjá dómstól.

Eldra form danska málsháttarins *alle gode gange tre* er *alle gode ting*  
*er tre* og er uppruni hans skýrður á eftirfarandi hátt: „Det menes dog,  
at vi har fået udtrykket fra Tyskland, og at den direkte baggrund  
dér var den, at i middelalderens Tyskland var det hævdvunden skik,  
at den, der stævnes endnu to gange, for han dømtes uhørt.“<sup>4</sup>

Málshættirnir þrír sem koma fyrir í íslensku, dönsku og þýsku  
eiga sér þannig sameiginlegan uppruna en í íslensku og dönsku  
kemur þing ekki lengur fyrir, ólíkt því sem er í þýska máls-  
hættinum. Hin forna réttarfarsregla lifir þó í merkingu málshátt-  
anna allra. Í dönsku kom málshátturinn úr þýsku og í íslenskuna  
hefur hann væntanlega komið úr dönsku. Þetta á við um fjölda  
fastra orðasambanda, sem undirstrikar skyldleika og tengsl tungu-  
málanna.

Í þessu afmælisriti sem tileinkað er Auði Hauksdóttur ber að  
geta þess að fóst orðasambönd, svo sem málshættir og orðatiltæki,  
eru rannsóknar- og áhugasvið hennar og á því sviði er hún afkasta-  
mikill fræðimaður: Vefurinn [www.frasar.net](http://www.frasar.net) ber því m.a. glögg  
vitni. Auður fastra orðasambanda fyrir mál og menningu hvers  
málsvæðis er ómetanlegur og mikilvægt er að sá auður sé aðgengi-  
legur málnotendum; þar hefur Auður lagt sitt lóð á vogarskálina  
á eftirminnilegan hátt. Ef velja ætti málshátt í páskaeggið hennar  
Auðar kæmu margir málshættir til greina. En í páskaeggi er bara  
einn málsháttur og því verður fyrir valinu: *Auðs aflar iðin bönd*.

---

oder Gerichtstage zugute kommen. [...] Sodann weist das Sprichwort auf die dreimalige Klageanstellung auf dem echten Dinge hin, bevor es zur Verurteilung des Beklagten wegen Ungehorsams kommen konnte.“ Karl Friedrich Wilhelm Wander, *Deutsches Sprichwörter-Lexikon. Ein Hausschatz für das deutsche Volk*, 5. bd. Augsburg: Akademische Verlagsgesellschaft Athenaion, 1987, [fyrsta útgáfa: Leipzig: 1867], bd. 1, bls. 605.

3 Sbr. [http://woerterbuchnetz.de/cgi-bin/WBNetz/wbgui\\_py?sigle=DWB&mode=Vernetzung&lemid=GE00116#XGE00116](http://woerterbuchnetz.de/cgi-bin/WBNetz/wbgui_py?sigle=DWB&mode=Vernetzung&lemid=GE00116#XGE00116), sótt 6. janúar 2020.

4 T. Vogel-Jørgensen og Poul Zerlang, *Bevingede ord*, Kaupmannahöfn: Gad, 1994 [6. útgáfa], bls. 29.

## Danska á Ísafirði æsku minnar

Ekki man ég mikið eftir prentuðu máli á útlensku í æsku minni á Ísafirði, nema þá gömlum eintökum af dönsku blöðunum sem lágu frammi á biðstofu læknanna. Ég reyndi helst að komast fram úr textum við skriflur eða myndasögur, sem ekki gekk nú nema í meðallagi vel og stundum alls ekki svona framan af. Vissulega komu dönsku blöðin í bókabúðirnar og áskrifendur sóttu sín eintök en ég var ekki heimgangur á þeim bæjum.

Sagt er að hér áður fyrr hafi verið töluð danska á sunnudögum á Akureyri. Má vera að það eigi við um fleiri staði, þótt ekki hafi ég haft af því spurnir. Bæjarhátíðin í Stykkishólmi kallast danskir dagar. Ég minnst þess hins vegar ekki að sérstaklega hafi verið talað um dönsk áhrif á Ísafirði af þessu tagi.

Sem barn var ég ekkert sérstaklega meðvitund um erlend áhrif á Ísafirði en síðar áttaði ég mig á því að útlendingar af ýmsum þjóðernum höfðu aðsetur þar um lengri eða skemmri tíma. Nokkur skólasystkina minna áttu móður, föður eða aðra ættingja sem ekki töluðu hreina og tæra íslensku en ekki man ég til þess að við krakkarnir værum nokkuð að velta okkur upp úr því.

En þetta voru ekki einu útlendingarnir í bænum. Hjálpræðisherinn, útibú frá Noregi, stóð m.a. fyrir sunnudagaskóla fyrir börn og þar voru yfirleitt einn eða fleiri Norðmenn af báðum kynjum að störfum. Salemsöfnuðurinn, Hvítasunnukirkjan, rak einnig sunnudagaskóla og þar var sænskur karl sem spilaði á harmonikkunni en sagði fátt á samkomum. Rækjuútgerð og rækjuvinnsla var á höndum Norðmanna í upphafi og þó að Ísfirðingar hafi síðar tekið við sér var ein verksmiðja lengi vel rekin af niðjum þeirra.

Þegar ég lít til baka sé ég að Danir hafa verið nokkuð áberandi í bæjarfélaginu. Martinus Simsen var áberandi borgari á Ísafirði, auðþekktur hvar sem hann fór á gamla sendiferðabílnum sínum. Fyrst man ég eftir að hafa heyrt nafn hans í sambandi við stytur af karli og konu við íþróttahús og sundlaug bæjarins, örugglega fyrstu höggmyndirnar sem ég sá á ævi minni. Ég kynntist honum aldrei persónulega en margir krakkar voru hjá honum á sumrin að planta trjám. Hann virtist kunna allt, kenndi ljósmyndun, sjónhverfingar og akrobatik (sirkusfimleika).

Fyrstu apótekarahjónin sem ég man eftir voru dönsk, einkum er frúin mér minnistæð fyrir hundkríli sem hún hafði með sér – eða öllu heldur á sér – hvert sem hún fór.

Ruth í Gamla bakaríinu þekktu allir og lærðu fljótt að skilja hana. Þá voru tannlæknirinn, yfirhjúkrunarkonan á sjúkrahúsinu og annar úrsmiður bæjarins dönsk og loks var yfirlæknirinn hálf danskur, trúlega alinn upp í Danmörku. Þetta fólk talaði íslenskuskotna dönsku eða dönskuskotna íslensku, allt eftir því hvernig á það er litið, en ekki virðist það hafa háð þeim í samskiptum við bæjarbúa.

Dönskuslettur eða *danismer* lifðu í máli barna og enn frekar full-orðinna en sá orðaforði hefur að mestu eða öllu leyti horfið úr daglegu máli. Kennarar voru vakandi fyrir máli barna og trúlega hefur mörg málfjólán horfið fyrir tilstilli þeirra.

Minni mitt nær ekki utan um það dönskuskotna mál sem talað var á þessum árum. Nokkur dæmi ætti ég þó að geta nefnt.

Gamall bóndi kom ævinlega við í bakaríinu þegar hann átti erindi í bæinn og bað um *snælu*. Í þá daga lá ekki beint við að skilja að orðin snúður og snæla gætu átt við sama fyrirbærið. En þegar maður veit að danska orðið fyrir snúð er *snegl* liggur þetta í augum uppi.

*Bíslag* var notað um viðbyggingu sem oftast þjónaði sem forstofa eða inngangur í hús og ósjaldan lágu tröppur þar upp að útidyrum. Þetta orð olli mér nokkrum heilabrotum á tímabili, viðbygging hefði verið eðlilegra orð miðað við málkunnáttu mína á þeim árum. Núorðið þykir mér bara skemmtilegt að enn skuli vera til fólk sem notar þetta orð, íslenska útgáfu af *bíslag*.

Ílát sem notuð voru á heimilum áttu ýmiss konar heiti. Eitt þeirra er *bytta*, sem á dönsku heitir *bøtte*, emalerað, hringlaga ílát

með nokkuð háum börmum og bláum kanti. Þessu heiti á ílátinu kynntist ég fyrst í sveitinni, húsbændur þar voru heldur eldri en foreldrar mínir, en ég minnst þess heldur ekki að amma hafi notað þetta heiti. Fat eða þvottafat var notað um þetta ílát á heimilinu. Einu byttunnar sem allir þekktu voru fyllibyttur en þar er auðvitað um ákveðna samsvörun að ræða.

*Vaskafat* á dönsku *vaskefad*, er mun minna en *bytta*, lægra og víkkar út, emalerað með blárri rönd efst á barmi. Í minningunni var það orð notað til jafns við þvottafat.

*Kastarhola*, sem á dönsku heitir *kasserolle*, var yfirleitt kölluð skaftpottur heima. Þessu orði kynntist ég líka í sveitinni og er minnisstætt hvað mér varð um þegar ég var beðin að þvo kastarholuna. Hvaða holu var verið að tala um? Orðið sjálft, eða öllu heldur fáránleikinn í því að kalla skaftpott eitthvað annað en skaftpott varð mér talsvert umhugsunarefni. Þegar fram liðu stundir öðlaðist ég vitneskju um ferðalag orðsins úr frönsku um dönsku og yfir í aðlögun að íslenskum framburði.

*Viskustykki*, eða jafnvel *vizkustykki* meðan -z- var enn við lýði í stafsetningu landsmanna, er enn eitt orðið sem olli mér heilabrotum á árum áður. Eina viskan sem þá þekktist var tengd orðinu vit (vit+ska => vizka) og því eðlilegt að þarna yrði skörun í merkingu orðsins við danska orðið *viske*, sem einfaldlega merkir að þurrka og því er diskaþurrka mun eðlilegri orðnotkun, þótt hitt virðist enn lifa nokkuð góðu lífi í eldhúsum hér og þar um landið.

*Kóstur*, á dönsku *kost*, er eitt af þeim orðum sem fólk hváði við þegar ísfrisk skólastúlka kom til höfuðborgarinnar. Að sjálfsögðu var snarlega söðlað um og talað um kúst upp frá því.

*Melís* er eitt af orðum fortíðarinnar. Ég er nokkuð viss um að gerður var greinarmunur á *melís* og sykri og að *melís* hafi verið notað um molasykur. Ástæðan kann að vera sú að molasykur var fluttur inn frá Danmörku í litlum kössum eða öskjum sem á stóð orðið *melis*.

Þegar ég man fyrst eftir mér var víðast búið að skipta úr kola-kyndingu yfir í olúkyndingu og var þá ósjaldan talað um olúfýringu og átt við miðstöðina þar sem bruni olúunnar fór fram. Þá var líka talað um að *fýra upp*, ýmist í merkingunni að kynda upp eða bæta í.

Eitt þeirra orða sem olli mér heilabrotum var orðið *lúkar*. Lúkar var á öllum minni fiskiskipum og sýnilegi hluti hans stóð upp úr

dekkinu frammi undir stefni. Í byrjun taldi ég orðið tengjast lögun lúkarsins, sem var kannski tæp mannhæð, lóðrétt þeim megin sem inngangurinn var og ávalur efri hluti mótlægrar hliðar. Á þeim tíma hef ég sjálfsagt ekki vitað hvaða tilgangi þetta fyrirbæri þjónaði. Síðar fékk ég tækifæri til að fara um borð í bát af þessu tagi og ofan í lúkar. Enn síðar birtist mér einfaldur sannleikurinn þegar það rann upp fyrir mér að vistarvera af þessu tagi kallast *lukaf* á dönsku.

Ósjaldan heyrðist orðið *obbozí* notað þegar barni var lyft frá gólfi eða jörðu upp á handlegg eða háhest. Lengi vel fannst mér þetta orð eða hljóð tilheyrta átakinu sem það var að lyfta barninu en um síðir vitraðist mér merkingin *op og se*, sem er ótrúlega rökrétt þegar haft er í huga hversu mikið sjóndeildarhringur barnsins víkkar við að vera lyft upp.

*Maskadagur* eða bolludagur var ævinlega þrunginn spennu. Daginn áður var búinn til flengikóstur, öðru nafni bolluvöndur, úr priki og notuðum jólapappír. Ómæld ánægja fékkst af því snemma morguns að dangla í systkinin með þessum vendi og ekki alltaf gætt að því að slá laust. Síðdegis eftir að skóla lauk var haldið *maskaball* eða grímuball fyrir stóra og smáa og verðlaun í boði fyrir besta og frumlegasta búninginn. Eftir kvöldmat fóru allir sem vettlingi gátu valdið út á götu í grímubúningi, bæði til að sýna sig og sjá aðra – það var kallað að *maska*. Sumir gengu í hús, gjarnan til skyldmenna, fengu þá kannski smákökur sem afgangsvoru frá jólum eða eitthvað annað góðgæti. Ég minnst þess að frænka mín makaði skósvertu í andlitið til að geta leikið svertingja. Það gekk víst ekki hljóðalaust að ná skósvertunni af andlitinu. Bolludagurinn er enn sá dagur sem Ísfirðingar halda grímuball, þótt eflaust hafi ýmislegt breyst í framkvæmd og útfærslu.

Í mínu ungdæmi þótti nauðsynlegt að allar stelpur lærðu að *bróðera*. Nöfn á ýmsum útsaumssporum voru býsna skrítin, þar á meðal *kontórstingur*. Það gat ekki verið að stundaður væri útsaumur á *kontórum*. Af einhverjum ástæðum vafðist orðið *kontór* aldrei fyrir mér en það liðu mörg ár og margir metrar af kontórsting saumaðir áður en mér vitraðist að á dönsku saumar maður *konturstik*.

Ýmsir leikir okkar krakkanna eiga trúlega rætur að rekja til Danmerkur: Þá er fyrst til að taka að *fara í danskan*. Þessi leikur er/ var einkum stundaður af stelpum. Í grunninn snýst hann um að



kasta boltum í vegg og grípa jafnharðan. Byrjandi er með tvo bolta en lengra komnir geta verið með allt að fimm boltum. Annars vegar er boltunum kastað í vegginn meðan maður hefur undan að grípa og telur um leið hversu oft tekst að kasta í vegginn. Þá tekur næsti við og reynir að ná sem hæstri tölu, þangað til einn eða fleiri detta. Hin útgáfan er að byrja á einu kasti, síðan tveimur og áfram talnaröðina meðan maður missir ekki bolta. Hver tala hefur sín tilbrigði: klappa á brjóst, setja hendur aftur fyrir bak, kasta bolta aftur fyrir bak, allt án þess að ruglast í talningu né missa bolta.

Ég gerði atrennur að því að finna upplýsingar um boltaleiki sem þessa á netinu án árangurs. Hvaðan heitið á leiknum er komið liggur ekki ljóst fyrir en sennilega hefur hann borist til landsins frá Danmörku eða boltarnir verið fluttir inn þaðan, en frekari hugmyndir hef ég ekki um nafngiftina.

Einn er sá leikur sem allir virðast þekkja enn þann dag í dag. Á íslensku kallast hann *bolli-bú*. Einn þátttakandi stendur andspænis öllum hinum. Hann hugsar sér nafn, kastar boltanum til þess sem er lengst til vinstri í röðinni og segir á hvaða staf nafnið byrjar. Síðan er boltanum kastað fram og til baka alla röðina á enda, þá er bætt við staf og haldið áfram þar til einhver giskar á rétt nafn. Sá sem réð nafninu kastar boltanum í jörðina og segir *bolli* og hleypur burt, sá sem giskaði rétt grípur boltann og segir *bú*. Sá fyrrnefndi stoppar og myndar hring með handleggjunum og hinn reynir að hitta í hringinn. Ég veit ekki hvort nokkur veit hvert upprunalega nafnið á leiknum er en ég varð heldur betur upp með mér þegar ég fékk þá hugmynd að leikurinn hefði upprunalega heitið *hold i bu* (mundu). Við leit á vefnum reyndist leikurinn heita *balli ballo*. Ekki ætla ég að reyna að koma með tillögu að því hvaða leið þessi nafngift hefur farið milli landa – eða öllu heldur tungumála.

Að lokum má ég til með að nefna *vippur*. Á leikvelli bernsku minnar voru tvær stærðir af vippum og gátu krakkar því valið sér vippur við vöxt og *vippað* allt hvað af tók. Í öðrum sveitum hafa börn vegið salt og rambað – og gera enn.

Í upphafi nefndi ég dönsku blöðin. Segja má að þau hafi næst komið við sögu í fyrsta bekk í gaggó því dönskukennarinn átti það til að koma með blaðabunka í kennslustund til að við gætum spreytt okkur á öllu nútímalegri textum en kennslubókin bauð upp á.

## Tale er Sølle, Tavshed er Gulv – hvordan overlever man de danske sonoranter?

V erdens mest utaknemmelige opgave må vel være at undervise i et sprog som eleverne synes er uoverkommeligt, som samfundet synes er ligegyldigt, og som historien selv opfatter som et ondt minde. Kun den klogeste og mest kapable personlighed kunne tackle den opgave med succes.

Mange forhold gør det danske talesprog til en usædvanlig stor udfordring for både læreren, forskeren og sprogteknologen (se fx Hauksdóttir 2015). Denne lille festartikel tager fat i bare et enkelt hjørne, nemlig det danske plethora af vokallyde (sonoranter).<sup>1</sup> Vi giver et par eksempler på hvor tæt vokallydene faktisk ligger og hvor svært det er at beskrive dem fonetisk så de kan læres og bruges af nye sprogbrugere.

Dansk har enestående mange fuldvokaler, omtrent dobbelt så mange som norsk og svensk, som har dobbelt så mange som tjekkisk, som har dobbelt så mange som græsk.<sup>2</sup> Desforuden har det danske sprog et mere almindeligt antal øvrige stemte lyde, så tilsammen er der, efter lærebogens systematik, omkring 50 danske sonoranter

- 
- 1 *Vokallydene* er bestemt som sprogets stemte lyde, dvs. dem der kan nynnes/synges på (fx [u], [m] og [v], men ikke [s] og [t]). Hvor det ikke giver anledning til misforståelse bruger vi "sonorant", "sonorantgruppe" og "vokallyd" i flæng for en talesekvens med ubrudt fonation (stemthed). Bemærk at denne artikel genbruger materiale fra Henrichsen (2019).
  - 2 Opgjort som betydningsadskillende fuldvokaler med optionel forlængelse og stød. I den målestok har dansk ca. 39 vokaler, norsk 19, tjekkisk 10 og græsk 5. Dansk foreslås tit som verdens mest vokalrige sprog.

(uden diftonger). Det er så stort et antal at grænserne mellem de mest tætliggende ofte udviskes såvel i udtale som i opfattelse. End ikke fonetikere kan enes om transskriptionen af ordpar som "leget"/"meget", "aftager"/"arvtager", "større"/"spørge" som de varierer fra den ene sprogbruger til den anden. Samtidig er sonoranterne de lyde der for alvor sætter liv i talesproget. De er hovedansvarlige for talens naturlighed og illokution, og selv minimale forskydninger i varighed og tonehøjde kan virke kraftigt på betydningen. Et smukt eksempel har man i det lille udråbsord *nå* i Poul Henningsens berømte vise af samme navn – men reelt er hver eneste af hverdagens ytringer et lige så godt eksempel.

Det er derfor både interessant og nødvendigt at få klarlagt sonoranternes akustik og taksonomi. Skønt der allerede findes en stor litteratur om emnet, står vi i dag med et nyt behov, en ny type sprogbrugere som ikke forstår en forskningsartikel, men godt kan læse en ordbog. Det er de talende computere. Hvordan giver vi en computer et praktisk anvendeligt og samtidig lingvistisk velfunderet regelsæt for den danske vokallyd i aktion? Eller sagt på en anden måde, hvordan opgraderer man en traditionel ordbog med oplysning om sproglydenes kvantiteter i skiftende omgivelser? Det er temaet for et nyt forskningsprogram på Dansk Sprognævn, som på mange måder er rundet af det blomstrende samarbejde mellem Vigdís Finnbogadóttir Instituttet for Fremmedsprog på Islands Universitet og sprogforskningen i Danmark. Sprognævnets nye forskningsprogram sigter mod at opgradere Retskrivningsordbogen (og andre centrale danske ordbøger) så de kan anvendes i taleteknologi og sikre en god og autentisk dansk udtale.

Det er en stor fordel for et så ambitiøst forskningsprogram at kunne tage afsæt i eksisterende ordbøger af høj kvalitet. Der findes adskillige udtaleordbøger for nyere dansk, af hvilke de to vigtigste er Den Røde og Den Grønne, henholdsvis Molbæk (1990) og Brink&Lund (1991). Disse to er begge komplette, dvs. dækker hele det danske ordforråd (med de sædvanlige forbehold), men de er samtidig ret forskellige i leksikografisk tilgang. Den Røde er en klassisk oversættelsesordbog der *afbilder* en ordform på en udtale. Den Grønne er et leksikon der *redeger* for udtalerne og deres variationer, ofte på en uformel måde når der gives ekstra baggrundsinfo-

mation. Hvor begge ordbøger er lige egnede til at afgøre hjemmets strid om ordudtaler, er Den Røde lettest at bruge i sprogteknologi mens den lingvistikstuderende kan lære mere af Den Grønne.

"Røg i køkkenet"

*Den Røde:* ['rʌj' i 'køgnøð] eller ['rʌj' i 'køgenøð]

*Den Grønne:* ['rʌj' i 'køgn~ð]

Som det ses, er Den Røde og Den Grønne ikke enige om udtalen af "røg i køkkenet".<sup>3</sup> Begge ordbøger oplyser at "røg" har stød ('), at "i" har tabt sit stød sammen med hovedtrykket, samt at "køkkenet" kan udtales tostavet, altså med den midterste vokal reduceret væk: *køk-net*. Den Grønne mener, på sin side, at ikke engang det sidste ə (schwa) udtales, men assimileres væk, mens Den Røde mener at det altid udtales, og endda at det midterste ə eventuelt også gør. Denne trestavede udtale, *køk-ke-net*, accepterer Den Grønne kun som en "spøgende" variant (hvem har mon grinet af dét for nylig?). Den Røde og Den Grønne afviger ofte i deres konkrete lydskrifter, men desuden er de heller ikke enige om eget formål. Den Røde søger at "repræsentere udtaler, som rigsmålstalende vil nikke genkendende til som forholdsvis neutrale", mens Den Grønne vil beskrive "den faktiske udtale af dansk", ikke de udtaler som "befolkningen selv synes bedst om". Man kan samle de to ordbøgers grundholdning i spørgsmålet om *anbefaling*. Den Røde anbefaler, Den Grønne gør ikke. Dette er grunden til at Den Røde er lettest at bruge for sprogteknologen der skal lempe lærdommen ind i en computer.

Klassiske udtaleordbøger som Den Røde og Den Grønne giver oplysning om arten og rækkefølgen af ordenes fonetiske segmenter. De har derimod intet at sige om segmenternes kvantiteter, altså om lydenes individuelle varighed, tonehøjde, volumen, energifordeling, relative stemthed og kompression (for slet ikke at tale om transitionerne). Hver fon skal derfor forsynes med en række talværdier for at forvandles fra et abstrakt leksikalsk symbol til en meningsfuld lyd. Af alle disse værdier er *varigheden* den mest

3 Lydskrifter er vist i Molbæk's IPA-notation (med ~ for assimileret schwa). Se Schachtenhaufen (2013) og <https://schwa.dk/tag/schwa-assimilation/> for diskussion af schwa's kommen og gåen. Tak til Ruben for at pege på treheden bunde/bonde - bundne - bundene, som spiller en hovedrolle i denne artikel, og mange andre lingoodies.

kritiske. Bare én upræcis varighed kan forvandle et ord til et helt andet, hvorefter hele sætningen kuldsejler. Derfor er udviklingen af kontekstfølsomme modeller af fonvarighed den første og vigtigste aktivitet hvis man vil puste liv i en fonetisk ordbog.

I et af vores forsøg tog vi afsæt i et lille kompleks af næsten-enslydende ord kun adskilt af en enkelt sonorants varighed.

"bunde"/"bonde"	"bundne"	"bundene"
[bånə]	[bånnə]	[bån~nə]

Spørgsmålet var: Hvor præcist kan man forudse varigheden af sonoranten [n+] i disse fire målord ud fra forekomstens funktion og betydning? Vi indlejrede målordene i et lille tekststykke til oplæsning, sådan at de forekom med kontrolleret variation af grammatisk og pragmatisk funktion ("datakriteriet"). Da sonorantvarigheder er uhyre letpåvirkelige, forsøgte vi med alle midler at aflede oplæserens opmærksomhed fra målordene ("skyggekriteriet"). For at afbalancere de to hensyn, datakriteriet og skyggekriteret, satte vi følgende ramme op for læseteksten.

- Teksten kan læses på omkring to minutter (ca. 250 ord)
- Teksten er narrativ, underholdende og generelt let at læse
- Tunge, lange og påfaldende ord undgås, undtagen som afledere (jf. skyggekriteriet)
- Teksten har i alt 10 forekomster af målordene
- Hvert målord forekommer i mindst to forskellige funktioner (jf. datakriteriet)
- Målordenes sonorant skal kunne udmåles præcist (tolerance 20ms)

Det sidste punkt er en kommentar værd. For at opnå præcise målinger valgte vi at udmåle hele den stemte del af målordet, altså [ån+ə]. Hver udmåling kunne dermed få en skarp forkant og bagkant, nærmere bestemt en klusil (fx "den bundne del") eller en opremsningspause ("en bonde, en malerlærling, ..."). Til gengæld må vi så acceptere en mulig fejlkilde idet vi jo har antaget at de uforandrede dele af sonorantgruppen, [å] og [ə], er akustisk stabile eller, med andre ord, at det kun er [n+] der varierer i varighed.

*Røg i Køkkenet<sup>4</sup>*

*Danskerne er vilde med Bagedysten. Programmet har flere seere end selv de største sportsfinaler. En ting som folk sætter stor pris på, er at det er ganske almindelige mennesker der dyster, både fra by og land.*

*Søndag d. 17. januar begyndte en ny runde af Bagedysten. Der var syv deltagere, som alle var under 27 år: en studerende, en fisker, en slagter, en gymnast, en bonde, en malerlærling og en invalidepensionist.*

*Alle klarede sig godt i den frie del af konkurrencen hvor man selv måtte vælge ingredienser. Men ak, i den bundne del gik det ikke så glat. Der skulle koges creme og bages tørkager og lagkagebunde på glutenfrit mel. Da det gik rigtig løs, var lærlingen så uheldig at brænde bundene på mens fiskeren glemte bagepulveret så hans bunde klaskede sammen som våde klude. Gymnastens dej blev alt for tør og usmidig, så hun måtte trykke bundene tæt sammen mellem to våde viskestykker. Det gav ikke ros hos dommerne, som flere gange i programets løb brød ud i latter.*

*Allermest til grin blev dog den stakkels bondeknøs da han tabte sine duftende, nybagte bunde på gasblusset så røgen stod tæt i lokalet og programmet måtte afbrydes. Av min arm! Sikken en larm der blev. Først da filmholdet havde grinet af og luftet ud, kunne man afslutte optagelsen af den bundne del af konkurrencen.*

*Og tænk engang! Sorg blev til jubel da det hele endte med at den jævne bonde gik af med sejren.*

Læseren opfordres til at finde de ti målordsforekomster og konstatere deres forskellige egenskaber i teksten, både syntaktiske og pragmatiske (jf. tabel 1). Den lille oplæsningstekst har i øvrigt også andre lingvistisk-analytiske funktioner end dem vi her har diskuteret. Blandt andet er den fonetisk komplet, dvs. dens IPA-transskription indeholder alle danske sonoranter og andre foner.<sup>5</sup> Det er forklaringen på de lidt akavede udbrud, fx "Av min arm!" og "Sorg blev til jubel", som er indsat for at hørte de sjældne stødvokaler i *av* og *sorg*.

4 Teksten må bruges til ethvert formål under den forudsætning at Dansk Sprognævn og forf. krediteres, samt at teksten ikke forandres. Samme betingelser skal følge teksten i alle kopier. Hvis teksten anvendes til forsøg som beskrevet her, skal informanten være uvidende om forsøgets specifikke formål (hvad der nok bliver sværere at sikre jo længere teksten verserer). Kontakt forf. for flere småtekster skåret over samme læst.

5 Med den danske SAMPA som fonetisk reference: <https://www.phon.ucl.ac.uk/home/sampa/>

Indeks	Sætning	Forekomst	Lemma	Tryk	[nj+]	Eft. tsv.	Stilling	Funktion	Info
1	07	bonde	bonde	1	1	1	Opr	Subj	ny
2	09	bundne	binde	1	2	0	Hov	Obj	ny
3	10	lagkagebunde	-bund	0	1	1	Hov	Obj	ny
4	11	bundene	bund	1	3	0	Hov	Obj	giv
5	11	bunde	bund	1	1	3	Led	Subj	giv
6	12	bundene	bund	1	3	0	Hov	Obj	giv
7	14	bondeknøs	bonde-	1	1	3	Hov	Subj	giv
8	14	bunde	bund	1	1	1	Led	Obj	giv
9	17	bundne	binde	1	2	0	Hov	Obj	giv
10	19	bonde	bonde	1	1	1	Led	Subj	giv

Tabel 1. Kolonner: indeks (målord); indeks (sætning/frase); forekomst i teksten (målord); lemma (målord); hovedtryk (sonorant); længde (sonorant); efterfølgende tryksvage stavelser (fx "bondeknøs, da han tabte" = 3); syntaktisk stilling (Opr = led i opremsning; Hov = hovedsætning; Led = ledsætning); syntaktisk funktion (Subj = del af subjekt; Obj = del af objekt); rolle i informationsstruktur (hvh. ny eller given information)


"Røg i Køkkenet" blev indlæst af 18 voksne informanter. Alle informanter blev interviewet efter endt læsning, og ingen havde bemærket den særlige status for målordene {"bonde"/"bunde", "bundne", "bundene"}. Optagelserne blev foretaget med en god studiemikrofon med popfilter (Gefell M930). Lokalet var et almindeligt kontor, ikke frit for genklang, og det har formentligt givet slør i tidskodningen ved sonorantens endepunkt, dog skønsmæssigt en usikkerhed på højst 20ms. Tidskodningen blev foretaget med to disparate metoder, dels auditiv afgrænsning (aflytning) med visuel kontrol (spektrogram m.m.) og dels automatisk tilskæring. Den automatiske metode byggede på HNR-måling (Harmonics-to-Noise Ratio) der, i god tilnærmelse, afgør talesignalets stemthed i samples af 10ms. En energirig sonorant (fx en fuldvokal) producerer en høj HNR-værdi, mens en obstruent (fx [s]) har en lav værdi. Ved at fastsætte en passende tærskel høster man de mindst energirige sonoranter (fx nasalerne) i mellemområdet. De to metoder gav ikke signifikant forskellige varighedsværdier, hvad der styrker datasættets pålidelighed.

Og nu nærmer vi os svaret på et af forsøgets hovedspørgsmål: Er ordbogens lydskrift den bedste prædiktor af fonens varighed? Eller med andre ord, er sonoranten i "bundene" altid længere end sonoranten i "bunde"? Hvis det er tilfældet, kan vi beslutte fonens varighed ved et simpelt tabelopslag. Umiddelbart ser datasættet lovende ud.

Gennemsnitlig varighed (alle målordsforekomster, alle talere)

"bunde"	"bonde"	"bundne"	"bundene"
0.35"	0.36"	0.39"	0.40"

Tilsyneladende er "bunde"/"bonde" altså kortere end "bundne", som er kortere end "bundene". Forskellen er dog ikke stor, og dataanalysen viser at den langt fra er signifikant.



Grafen viser alle 116 forekomster af "bunde", "bundne" og "bundene". Og det står klart at datasættets spredning gør enhver plan om tabelopslag, altså konstante værdier for fonvarighederne, til skamme. Dette kommer vel ikke bag på os, givet at dagens talesynteser netop bruger tabelværdier til varighedstilskrivning og af præcis denne grund lyder udeltagende og verdensfjerne. Der er altså ingen vej udenom. Skal vi nærme os de autentiske sproglydes akustik, må vi inddrage flere af målordenes egenskaber, og dette kræver et betydeligt større datasæt end 18 gange 2 minutters taleoptagelse kan levere. Historien om bondeknøsen og hans konkurrenter er kun et eksempel fra et omfattende materiale der er under udarbejdelse. De øvrige læseopgaver fokuserer på andre sonorantgrupper, og alle tekster overholder såvel datakriteriet som skygge-kriteriet. Vi behøver mindst 5000 målepunkter for at kunne analysere den relative betydning af de forskellige sproglige parametre (jf. tabel 1) som prædiktorer for fonernes varighed og andre lydige egenskaber. Hvis vores undersøgelser har vakt læserens interesse, vil vi opfordre til at holde øje med Dansk Sprognævns hjemmeside, [dsn.dk](http://dsn.dk), hvor nye publikationer i sagen bliver annonceret.



## Referencer

- Lars Brink, Jørn Lund et al (1991) "Den Store Danske Udtaleordbog", i: *Munksgaards Ordbøger*.
- Peter Molbæk Hansen (1990) "Dansk Udtale", i: *Gyldendals Røde Ordbøger*.
- Auður Hauksdóttir, Peter Juel Henriksen (2015) "Talebob - den Tålmodige Transnordiske Udtaletræner", *Dansk Sprognævnets skrifter* 46.
- Peter Juel Henriksen (2019) "Elastiske Sonoranter – Leksikografiske Udfordringer Omkring den Danske Selvlyd", *LEDA-Nyt* (in press).
- Jan Heegård Petersen, Peter Juel Henriksen (2013) "New Perspectives on Speech in Action", Proceedings of the 2nd SJUSK Conference on Contemporary Speech Habits, *Copenhagen Studies in Language* 43.
- Ruben Schachtenhaufen (2013) "Phonetic Reduction and Linguistic Factors", i: J. H. Petersen & P. J. Henriksen (2013).

## Kakó Himneskur hátíðardrykkur

Ífrásögn af fjórðu og síðustu ferð Kristófers Kólumbusar til nýju veraldarinnar árið 1502 getur Hernando Kólumbus<sup>1</sup> þess að við strendur Guanaja-eyju hafi leiðangursmenn rekist á fley frumbyggja hlaðið varningi og „möndlum sem þeir á Nýja-Spáni hafa sem peninga og álíta mikils virði“.<sup>2</sup> Fræðimenn telja að hér sé um kakóbaunir að ræða en þær voru notaðar sem gjaldmiðill víða við Karíbahaf þegar Evrópumenn bar að garði á ofanverðri 15. öld.

Í bréfi til Karls 1. Spánarkonungs árið 1520 minnst annar þekktur landkönnuður, Ferdinand Kortes,<sup>3</sup> á *cacap* og segir það vera „drykk sem indíánar neyti“.<sup>4</sup> Í sama bréfi lýsir hann fræi kakóplöntunnar og segir það vera „eins og mandla í laginu sem þeir [indíánar] mali í duft og selji og sé þetta eftirsótt vara“.<sup>5</sup> Og þá sé þetta fræ einnig notað sem peningur um allar koppagrundir og að fyrir það kaupi þeir flestar nauðsynjavörur á mörkuðum og víðar.<sup>6</sup> Sagnaritarinn Pedro Mártir de Anglería orðar það skemmtilega í skrifum sínum árið 1526 þegar hann segir að þarna vaxi peningarnir bókstaflega á trjánum.<sup>7</sup>

1 Hernando Kólumbus, eða Hernando Colón, sonur Kristófers Kólumbusar var í förinni með föður sínum en skrifaði ferðasöguna fyrst niður á árunum 1537–1539.

2 Hernando Colón, *Cuarto viaje colombino. La ruta de los buracanes (1502-1504)*, ritstj. Luis Arranz Márquez, Madrid: Dastin, 2002, bls. 58. Sophie D. Coe og Michael D. Coe, *La historia verdadera del chocolate*, Mexíkó: Fondo de Cultura Económica, 2000, bls. 46.

3 Hernán Cortés á spænsku.

4 Hernán Cortes, *Cartas de relación*, Madrid: Clásicos Castalia, 1993, bls. 196.

5 Sama heimild, bls. 221.

6 Sama heimild.

7 Pedro Mártir de Anglería, *Décadas del Nuevo Mundo*, Madrid: Polifemo, 1989, bls. 499.

Í króniku Fernández de Oviedo, sem kom út árið 1535, má lesa um trjátegund sem heimamenn kalla *cacao* eða *cacaguate*, heiti sem nær líka yfir baunirnar og drykkinn og olúna sem eru búin til úr þeim. Höfundurinn nefnir reyndar þrjú orð sem hann hafi heyrt af vörum heimamanna yfir þessi fræ trésins: *coco*, *cacao* og *cacaguat*.<sup>8</sup>

Aðrir sagnaritarar Spánverja í Nýja heiminum greina sömuleiðis frá kakótrénu og afurð þess. Þeim verður einkum tíðrætt um þennan drykk úr steyttum kakóbaunum sem væri ekki einungis guðafæða og notaður við ýmsar helgiathafnir heimamanna, einkum Asteka, heldur einnig drykkur hinna útvöldu í samfélaginu, háttsettra og konungborinna, presta og aðalsmanna.<sup>9</sup> Í króniku sinni frá 1590 segir José de Acosta frá ýmsum nytjaplöntum og afurðum sem fyrirfinnast á Nýja-Spáni og í Perú. Þegar kakó ber á góma nefnir hann að helsta ágæti ávaxtarins sé drykkur sem úr fræjum hans sé lagaður og heimamenn kalli *chocolate*, „súkkulaði“.<sup>10</sup> Sumum þyki hann ljúfdengur en öðrum bjóði hreinlega við honum. Þá nefnir hann einnig að drykkurinn sé í miklum metum hjá landsmönnum og ætíð borinn framandi gestum og mönnum af háum stigum enda séu Indíanar og Spánverjar, einkum spænskar konur sem búsettar eru í Nýja heiminum, vitlausir í þetta dökka súkkulaði sem sé tilreitt á ýmsa vegu og geti verið heitt, kalt eða volgt. Út í það sé sett krydd og feikn af chili-pipar og jafnvel blóm og jurtir.<sup>11</sup> Bragðsterkur drykkurinn þótti bestur ef hann freyddi vel. Drykkurinn átti síðar eftir að breytast í höndum Evrópumanna er þeir tóku að bragðbæta hann m.a. með sykri, kanil og vanillu. Þá greinir Acosta einnig frá því að úr kakóbaununum sé búið til einhvers konar mauk sem þyki gott við brjóstverk, magakveisu og slæmu kvefi.<sup>12</sup>

8 Gonzalo Fernández de Oviedo, *Historia general y natural de las Indias*, Madrid: Biblioteca de Autores Españoles, 1992, bls. 267–269.

9 Miguel León-Portilla, „Otro testimonio de aculturación hispano-indígena: Los nahuatlismos en el castellano de España“, *Revista española de antropología americana*, 11/1981, bls. 230. Laura Caso Barrera ritstj., *Cacao. Producción, consumo y comercio. Del período prehispanico a la actualidad en América Latina*, Madrid/Frankfurt: Iberomerica-Vervuert, 2016, bls. 13–14.

10 José de Acosta, *Historia natural y moral de las Indias*, Mexíkó: Fondo de Cultura Económica, bls. 202.

11 Sama heimild, bls. 202.

12 Sama heimild.

Margir sérfræðingar austan- og vestanhafs telja að orðið *kakó* sé upprunalega úr tungumáli Maya,<sup>13</sup> *kakawa* og/eða *kokow*,<sup>14</sup> og að nágrannabjóðir þeirra hafi tekið orðið þaðan og styðja ýmsir fornleifafundir þá kenningu.<sup>15</sup> Ekki er þó ólíklegt að Mayar hafi fengið drykkinn og heitið yfir hann frá fornum þjóðum eins og til dæmis Olmekum sem bjuggu í Mesoameríku fyrir um 3000 árum.<sup>16</sup> Slíkar hugmyndir byggjast á málsögulegum rannsóknum þar sem orðið hefur verið rakið til formóður málaættar sem kallast mixezoque.<sup>17</sup> Á nahuatl, tungu Asteka, var mynd orðsins *kakáwatl*,<sup>18</sup> ‚kakódrykkur, kakóvatn‘, sem er samsett úr orðunum *kakáwa* ‚kakó‘, úr máli Maya, og *atl* ‚vatn‘, úr nahuatl.<sup>19</sup>

Ekki er ljóst hvort Spánverjar heyrðu orðið fyrst af vörum Maya-indíána í Yucatán, innbyggjara í Tabasco eða nahuatl-mælandi í Mexíkó. Hvað sem því líður þá er næsta víst að orðið barst með Spánverjum til Gamla heimsins á fyrri hluta 16. aldar og frá Spáni barst það yfir í önnur Evrópumál, til að mynda frönsku þar sem dæmi um orðið *cacao* finnst í textum frá 1532.<sup>20</sup> *Cacao* í merkingunni ‚seed of a tropical American tree‘ kemur fyrir í ensku máli árið 1555. Þá fyrirfinnst orðmyndin *cocoa* í jurtabók Johns

- 
- 13 Til dæmis quiché, cakchiquel, tzeltal, tzotzil, chol, mame og tojolabal. Sjá Miguel León-Portilla, „Otro testimonio de aculturación hispano-indígena: Los nahuatlismos en el castellano de España“, bls. 232.
- 14 Miguel León-Portilla, „Otro testimonio de aculturación hispano-indígena: Los nahuatlismos en el castellano de España“, bls. 232. DCECH = Joan Corominas og J. A. Pascual, *Diccionario crítico etimológico castellano e hispánico*, Madrid: Gredos, 1991, bls. 719.
- 15 Sophie D. Coe og Michael D. Coe, *La historia verdadera del chocolate*, Mexíkó: Fondo de Cultura Económica, 2000, bls. 46–77.
- 16 Samkvæmt niðurstöðum fornleifarannsóknna má rekja uppruna kakósins til Ekvador og Amasónsvæðisins. Þar hafa fundist kakóleifar sem eru um og yfir 5000 ára gamlar. Sjá: Elsa Velasco, „Descubierta la cuna del chocolate en el Amazonas“, *La Vanguardia* 30. október 2018.
- 17 Sophie D. Coe og Michael D. Coe, *La historia verdadera del chocolate*, bls. 46–53.
- 18 Joan Corominas og J. A. Pascual nota ritháttinn *kakáwatl* en Miguel León-Portilla *cacáwatl* fyrir orðið í nahuatl. Sjá DCECH = Corominas, Joan og J. A. Pascual, *Diccionario crítico etimológico castellano e hispánico*, Madrid: Gredos, 1991–1996, bls. 719 og Miguel León-Portilla, „Otro testimonio de aculturación hispano-indígena: Los nahuatlismos en el castellano de España“, bls. 231.
- 19 Miguel León-Portilla, „Otro testimonio de aculturación hispano-indígena: Los nahuatlismos en el castellano de España“, bls. 231–232. María Antonieta Andión Herrero, *Los indigenismos en la Historia de las Indias de Bartolomé de Las Casas*, Madrid: CISIC, 2004, bls. 86–88. DNEM = Carlos Montemayor ritstj., *Diccionario del náhuatl en el español de México*, Mexíkó: UNAM, 2009, bls. 33. DRAE = Real Academia Española, *Diccionario de la lengua española*, Madrid: Espasa, 2014.
- 20 TLFi = Gallimard (1992): *Trésor de la langue française*, París: Centre National de la Recherche Scientifique. Sjá: <http://atilf.atilf.fr/>.

Gerals frá 1633 og *cocoa* kemur fyrir í enskum textum frá 18. öld.<sup>21</sup> Orðið kemur fyrst fyrir í þýskri þýðingu á spænskum textum frá miðri 16. öld með rithættinum *Cacao* en á 18. öld festir rithátturinn *Kakao* sig í sessi í málinu.<sup>22</sup>

Ekki er loku fyrir það skotið að danska sé orðið *kakao* sé komið úr þýsku eins og Ásgeir Blöndal Magnússon tilgreinir í orðsifjabók sinni.<sup>23</sup> Samkvæmt dönskum heimildum kemur orðið fyrst fyrir í dönskum texta árið 1725<sup>24</sup> en þá birtist það í dagblaðsgrein í merkingunni ‚kakóbaun‘ og ‚kakóduft‘.<sup>25</sup> Ætla má að tökuorðið sé ívið eldra í málinu en danskar heimildir gefa upp því dæmi um það má finna í texta frá 1641. Í bók Hans Hansen Skonning *Geographia Historica Orientalis. Det er Atskillige Østerske Landis oc Øers / met deß Folcis Beskriffvelse: Nemlig / Tyrckers / Jøders / Grækers / Ægypters / Indianers / Persianers / oc andre flere Landskabers underlige Sæder / Tro / Religion / Lower oc selsom Lands Maneer* er í nokkrum köflum fjallað um Asteka og síði þeirra, trú og hefðir. Meðal annars er sagt frá mannfórnum í helgiathöfnum og þar kemur drykkurinn kakó við sögu. Úr kaflanum er eftirfarandi brot:

Samme kniff toe de reen Blodet aff / som endda sidder der paa / aff de Menniske / der med sidst ere slactede til Offer / tager den saa op aff vandet / hvor udi de haffve hannem affskyldt / oc same Vand beblande de met en Materi / paa deris Maal kaldis *Cocoa* [...].<sup>26</sup>

Má gera því skóna að hér sé á ferðinni eitt elsta dæmið um orðið *kakao* í dönsku, enn sem komið er.

Þetta orð hefur einnig verið tekið upp í öðrum norður-germönnskum málum eins og sænsku, norsku og íslensku. Elsta rit-

21 OED = Oxford, *The Oxford English Dictionary*, Oxford: Clarendon Press, 1989, bls. 424.

22 Ph. M. Palmer, *Neuweltwörter im deutschen*, Heidelberg: Carl Winter's Universitätsbuchhandlung, 1939, bls. 58–59. EWDS = Friedrich Kluge, *Etymologisches Wörterbuch der deutschen Sprache*, Berlin/New York: W. de Gruyter, 1999, bls. 418.

23 ÍOS = Ásgeir Blöndal Magnússon, *Íslensk orðsifjabók*, Reykjavík: Orðabók Háskólans, 1989, bls. 489.

24 Orðið *sukkerlade* ‚súkkulaði‘ kemur hins vegar fyrir í dönskum textum frá 1669.

25 ODS = Danske sprog- og literaturselskab, det, *Ordbog over det danske sprog*, Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1975, bls. 1077. Sjá: <http://ordnet.dk/ods/>. PNE = *Politikens nudansk med etymologi*, Kaupmannahöfn: Politikens forlag, 2000, bls. 688.

26 Hans Hansen Skonning, *Geographia Historica Orientalis* ..., Árósum, 1641, bls. 514.

dæmi um orðið *kakao* í sænsku er frá 1735 þegar það kemur fyrir í dagbókum Karls Tersmedens í samsetta orðinu *cacaotråd*.<sup>27</sup> Í norsku bók máli kemur *kakao* fyrst fyrir í verki eftir Kunst frá 1843,<sup>28</sup> í nýnorsku er elsta dæmi um *kakao* í dansk-norskri orðabók Shjøtt sem kom út árið 1909.<sup>29</sup>

Hvað íslenskuna varðar er sennilegt að orðið sé tekið úr dönsku eins og Ásgeir Blöndal Magnússon nefnir.<sup>30</sup> Samkvæmt *ROH* er elsta ritdæmi um orðið frá um 1821–1827 en það kemur fyrir í bókinni *Almenn Landaskipunarfræði* eftir Gunnlaug Oddsen, Grím Jónsson og Þórð Sveinbjarnarson með rithættinum *kakaó*.<sup>31</sup> Einnig fyrirfinnst *kakó*, ritháttur sem er algengur í textum frá seinni hluta 19. aldar, og *kókó* sem virðist nokkru eldri í málinu, eða frá árinu 1784 ef marka má heimildir. Í *Riti þess (konunglega) íslenszka Lærdómslistafélags* er texti í íslenskri þýðingu eftir þýska náttúrufræðinginn Anton Friedrich Bussching og þar stendur skrifað að „Á kókós-trenu í Ameríka vaxa nýtur þær, sem eru meztr hluti af því svo nefnda Chocolate“.<sup>32</sup> Hér fer vart á milli mála um hvaða trjáplöntu og „nytur“ er að ræða: kókótré, eða kakótré, og súkkulaði.

Í Evrópu varð kakó- eða súkkulaðidrykkja fljótt vinsæl meðal aðalsmanna við konungshirðir og heldri borgara álfunnar. Sagan segir að Maya-kekchí-indíánar hafi bruggað fyrsta kakódrykkinn í Evrópu handa Filippusi 2. Spánarkonungi árið 1544.<sup>33</sup> En fyrsti skipsfarmurinn með kakóbaunir frá Nýja heiminum mun hafa komið til Sevilla árið 1585.<sup>34</sup> Frá Spáni bárust kakó og súkkulaði til Ítalíu og Frakklands um miðja 17. öld, líklegast sem lyf við ýmsum kvillum til að byrja með en varð síðar eðaldrykkur heldri manna og kvenna.<sup>35</sup> Alla jafna er talið að kakó- eða súkkulaðidrykkja hafi

27 SAOB = Svenska Akademien, *Svenska Akademiens Ordbok över Svenska Språket*. Stokkhólmi: Svenska Akademien, bd. 1–30, 1898–1998/99, bls. 68–70. Sjá: <http://saob.se>.

28 NR = Norske akademi for sprog og litteratur, *Norsk riksmåls-ordbok*, Osló: Kunnskapsforlaget, 1983, bls. 2284.

29 NLI = Norsk Leksikografisk Institutt, Osló (seðlasafn).

30 ÍOS, bls. 489.

31 ROH = *Ritmalssafn*. Sjá: [www.arnastofnun.is/page/gagnasofn\\_ritmalssafn](http://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_ritmalssafn).

32 G. Th., „Framhalld Doct. Anton Friedrich Büsschings Undirvísunar í Náttúru-historiunni sem íslenskat hefir G. Th.“, *Rit þess (konunglega) íslenszka Lærdómslistafélags*, 1. janúar 1784, bls. 26.

33 Sophie D. Coe og Michael D. Coe, *La historia verdadera del chocolate*, bls. 169–170.

34 Sama heimild.

35 Sama heimild.

borist til Frakklands með Önnu Maríu prinsessu, dóttur Filippusar 3. Spánarkonungs, en hún giftist Loðvíki 13. konungi Frakklands árið 1615. Sagt er að hún hafi verið mikið fyrir súkkulaðidrykkju og hafi komið til konungshirðarinnar í Frakklandi með fullar kistur af kakói og fylgdarkonu sem var sérfræðingur í að laga kakó.<sup>36</sup> Frá Frakklandi barst sá siður að drekka kakó, eða heitt súkkulaði, til Englands, Þýskalands, Austurríkis og Sviss.<sup>37</sup>

Kakódrykkja hófst í Danmörku á 18. öld og varð brátt almenn meðal heldra fólks í landinu. Í lok 19. aldar var það svo orðin ófrá-víkjanleg hefð meðal Dana að bjóða upp á heitt kakó eða súkkulaði þegar haldið var upp á afmæli.<sup>38</sup> Ekki leið á löngu uns Íslendingar höfðu lært að laga heitt kakó þótt kakódrykkja þeirra hefði mátt vera meiri segir í kvennablaðinu *Fjallkonunni* árið 1884 en þar kemur fram að í ýmsum löndum Evrópu hafi „súkkulaðidrykkjur og kakaós farið mjög vaxandi“.<sup>39</sup> Fyrst er minnst á „chokolade-drykk“ í *Riti þess (konunglega) íslenska Lærdómslistafélags* árið 1790 og þar er spurt: „Er þat ekki miólkin, sem lockar menn til at drecka þa útlendu næringar og hressingar drycki; svo sem chokolade-drykk, kaffee og thevatn? sem hvert um sig er án hennar í litlu gyldi“.<sup>40</sup>

Fyrst í stað voru kakó- eða súkkulaðidrykkir eflaust sjaldséðir á alþýðuheimilum á norðurslóðum en þegar leið á 20. öld varð dykkurinn sífellt vinsælli og telst nú ekki lengur vera munaðar-vara. Hvað sem öllum vangaveltum um heiti og uppruna kakósins líður þá er víst að við eigum ljúfar minningar úr bernsku um kakó-drykkju á merkum tímamótum í lífi fólks, og á öðrum tyllidögum, þegar ilmandi kakó, eða heitt súkkulaði, var borið fram í postulíns-könnu og drukkið úr sparibollum heimilisins.

36 Emma Martinell, „De productos desconocidos a alimentos familiares“, *De América a Europa. Denominaciones de alimentos americanos en lenguas europeas*, ritstj. Erla Erlendsdóttir, Emma Martinell og Ingmar Söhrman, Frankfurt am Main/Madríd: Iberoamericana-Vervuert, 2017, bls. 21–33, hér bls. 28.

37 Albert Pfiffner, „Kakao“, *Genussmittel: Kulturgeschichtliches Handbuch*, ritstj. Thomas Hengartner og Christoph Maria Merki, Frankfurt/New York: Campus Verlag, 1999, bls. 117–140, hér bls. 123.

38 Hjørdis Nielsen, „Dengang penge groede på træerne – Kakaobønnens anvendelse før og efter opdagelsen af Amerika“, *Møde mellem to verdener. Amerikas opdagelse fra prækolumbisk til nyeste tid*, ritstj. Tove Tybjerg og Hjørdis Nielsen, Kaupmannahöfn: Københavns Universitet/Museum Tusulanums Forlag, 1992, bls. 71–85.

39 „Þjóðráð og bendingar“, *Fjallkonan*, 16. september 1884, bls. 64. Sjá: timarit.is.

40 Jón Jakobsson, „Um miólkur-not á Íslandi“, *Rit þess (konunglega) íslenska Lærdómslistafélags*, 1. janúar 1790, bls. 219. Sjá timarit.is.

## Heimildaskrá

- Albert Pfiffner, „Kakao“, *Genussmittel: Kulturgeschichtliches Handbuch*, ritstj. Thomas Hengartner og Christoph Maria Merki, Frankfurt/New York: Campus Verlag, 1999, bls. 117–140.
- Elsa Velasco, „Descubierta la cuna del chocolate en el Amazonas“, *La Vanguardia* 30. október 2018. <https://www.lavanguardia.com/ciencia/planeta-tierra/20181030/452641573576/chocolate-cultivo-cacao-amazonas-origen.html>
- Emma Martinell, „De productos desconocidos a alimentos familiares“, *De América a Europa. Denominaciones de alimentos americanos en lenguas europeas*, ritstj. Erla Erlendsdóttir, Emma Martinell og Ingmar Söhrman, Frankfurt am Main/Madrid: Iberoamericana-Vervuert, 2017, bls. 21–33.
- G. Th., „Framhalld Doct. Anton Friedrich Büschings Undirvísunar í Náttúruhistoriunni sem íslenzkat hefir G. Th.“, *Rit þess (konunglega) íslenska Lærdómslistafélags*, 1. janúar 1784, bls. 26. Sjá timarit.is <https://timarit.is/page/963912#page/n0/mode/1up>
- Gonzalo Fernández de Oviedo, *Historia general y natural de las Indias*, Madrid: Biblioteca de Autores Españoles, 1992.
- Hans Hansen Skonning, *Geographia Historica Orientalis. Det er Atskillige Østerske Landis oc Øers / met deß Folcis Beskriffvelse: Nemlig / Tyrckers / Jøders / Grækers / Ægypters / Indianers / Persianers / oc andre flere Landskabers underlige Sæder / Tro / Religion / Lower oc selsom Lands Maneer*, Árósum, 1641.
- Hernando Colón, *Cuarto viaje colombino. La ruta de los huracanes (1502-1504)*, ritstj. Luis Arranz Márquez, Madrid: Dastin, 2002.
- Hernán Cortés, *Cartas de relación*, Madrid: Clásicos Castalia, 1996.
- Hjørdis Nielsen, „Dengang penge groede på træerne – Kakaobønnens anvendelse før og efter opdagelsen af Amerika“, *Møde mellem to verdener. Amerikas opdagelse fra prækolumbisk til nyeste tid*, ritstj. Tove Tybjerg og Hjørdis Nielsen, Kaupmannahöfn: Københavns Universitet/Museum Tusulanums Forlag, 1992, bls. 71–85.
- José de Acosta, *Historia natural y moral de las Indias*, ritstj. Edmundo O’Gorman. Mexíkó: Fondo de Cultura Económica, 2006.
- Jón Jakobsson, „Um miólkur-not á Íslandi“, *Rit þess (konunglega) íslenska Lærdómslistafélags*, 1. janúar 1790, bls. 219. Sjá timarit.is <https://timarit.is/page/967471?iabr=on#page/n217/mode/2upsearch/J%C3%B%20Jakobsson%-20Um%20mi%C3%B3lkurnot%20%C3%A1%20%C3%8Dslandi>
- Laura Caso Barrera ritstj., *Cacao. Producción, consumo y comercio. Del período prehispanico a la actualidad en América Latina*, Madrid/Frankfurt: Iberiamericana-Vervuert, 2016.
- María Antonieta Andión Herrero, *Los indigenismos en la Historia de las Indias de Bartolomé de Las Casas*, Madrid: CISIC, 2004.
- Miguel León-Portilla, „Otro testimonio de aculturación hispano-indígena: Los nahuatlismos en el castellano de España“, *Revista española de antropología americana*, 11/1981, bls. 219–244.
- Pedro Mártir de Anglería, *Décadas del Nuevo Mundo*, Madrid: Polifemo, 1989.



- Ph. M. Palmer, *Neuweltwörter im deutschen*, Heidelberg: Carl Winters Universitätsbuchhandlung, 1939.
- Sophie D. Coe og Michael D. Coe, *La historia verdadera del chocolate*, Mexíkó: Fondo de Cultura Económica, 2000.
- „Þjóðráð og bendingar“, *Fjallkonan*, 16. september 1884, bls. 64. Sjá: timarit.is <https://timarit.is/page/2136369#page/n3/mode/2up>

## Orðabækur

- CORDE = Real Academia Española: Banco de datos (CORDE) [en línea]. *Corpus diacrónico del español*. Sjá: <http://www.rae.es>
- DCECH = Corominas, Joan og J. A. Pascual, *Diccionario crítico etimológico castellano e hispánico*, Madrid: Gredos, 1991–1996.
- DNEM = Montemayor, Carlos ritstj., *Diccionario del náhuatl en el español de México*, Mexíkó: UNAM, 2009.
- DRAE = Real Academia Española, *Diccionario de la lengua española*, Madrid: Espasa, 2014. Sjá: <http://www.rae.es>.
- EWDS = Kluge, Friedrich, *Etymologisches Wörterbuch der deutschen Sprache*, Berlín/New York: W. de Gruyter, 1999.
- ÍOS = Ásgeir Blöndal Magnússon, *Íslensk orðsifjabók*, Reykjavík: Orðabók Háskólans, 1989.
- NLI = Norsk Leksikografisk Institutt, Osló (seðlasafn).
- NR = Norske akademi for sprog og litteratur, *Norsk riksmåls-ordbok*, Osló: Kunnskapsforlaget, 1983.
- ODS = Det Danske sprog- og literaturselskab, *Ordbog over det danske Sprog*, Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1975. Sjá: <http://ordnet.dk/ods/>
- OED = Oxford, *The Oxford English Dictionary*, Oxford: Clarendon Press, 1989.
- PNE = *Politikens nudansk med etymologi*, Kaupmannahöfn: Politikens forlag, 2000, bls. 688.
- ROH = *Ritmálssafn*. Sjá: [www.arnastofnun.is/page/gagnasofn\\_ritmalssafn](http://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_ritmalssafn)
- SAOB = Svenska Akademien, *Svenska Akademiens Ordbok över Svenska Språket*. Stokkhólmi: Svenska Akademien, bd. 1–30, 1898–1998/99. Sjá: <http://saob.se>
- TLFi = Gallimard (1992): *Trésor de la langue française*, París: Centre National de la Recherche Scientifique. Sjá: <http://atilf.atilf.fr/>

Dönsk-íslensk tengsl og  
menningarsaga

Dansk-islandske relationer og  
kulturhistorie



## Danskar Atlantshafseyjar?

Snemma desembermánaðar árið 1909 var haldinn opinn fundur í félaginu De danske Atlanterhavssøer í Kaupmannahöfn þar sem rætt var um stöðu Íslands í danska ríkinu. Félagið hafði verið stofnað nokkrum árum fyrr í því skyni, eins og segir í lögum þess, „at fremme Udviklingen af de til Danmark knyttede fjernere Rigsdele, navnlig i økonomisk Henseende, samt at styrke Solidaritetsfølelsen mellem Rigets Beboere“.<sup>1</sup> Eins og fram kemur í heiti félagsins beindust sjónir þess að „dönsku“ Atlantshafseyjunum, en þar var átt við Færeyjar, Grænland, Ísland og dönsku Vestur-Indíur, en allar þessar eyjar og eyjaklasar lutu danskri stjórn á þessum tíma. Ísland var í brennidepli á umræddum fundi en mikil óvissa ríkti um framtíðarstöðu eyjarinnar í ríkinu eftir að Alþingi hafði hafnað uppkaсти að nýjum sambandslögum snemma árs 1909.<sup>2</sup> Áhugi á fundarefninu var greinilega mikill, því að hvert sæti í stærsta sal Carls Wivels veitingamanns var setið, en Wivel þessi rak um árabíl þekkt veitingahús á Vesterbrogade við hlið Tívolígarðsins í Kaupmannahöfn. Meðal fundargesta voru ýmsir frammámenn í dönsku þjóðlífi með „Konsejlspræsidenten og Udenrigsministeren i Spidsen“, eins og segir í frétt sem birtist skömmu síðar í málgagni félagsins, *Atlanten*.<sup>3</sup> Aðalfyrirlesari kvöldsins var Finnur Jónsson, prófessor í norrænum fræðum við Kaupmannahafnarháskóla, en fyrirlesturinn kallaðist einfaldlega „Islands politiske Forhold til Danmark“. Allir sem tóku til máls á fundinum voru hjartanlega

1 „Love for Foreningen ‚De danske Atlanterhavssøer‘“, *Atlanten* 1 (1904–1906), bls. 28.

2 Gunnar Þór Bjarnason, *Upp með fámann! : baráttan um uppkaстиð 1908 og sjálfstæðisbarátta Íslendinga* [Reykjavík: Mál og menning, 2012].

3 „Møde om Island“, *Atlanten* 2 (1907–1910): bls. 427.

sammála frummælandanum um að það hefðu verið reginmistök af Íslendinga hálfu að fella uppkastið á þingi því að Danir gætu ómögulega teygt sig lengra til móts við óskir hjálendubúanna í norðri en þeir hefðu þegar gert við samningu lagafrumvarpsins.<sup>4</sup> Holger Rørdam, læknir og þingmaður Venstre, benti á að Íslendingar yrðu að gera sér grein fyrir þeirri bitru staðreynd að samband landanna væri Íslendingum mun meira virði en Dönum. „Danmark kan sagtens undvære Island,“ fullyrti Rørdam, „men intet fornuftigt Menneske kan for Alvor mene, at Island kan være en selvstændig Stat: Den Selvstændighed vil meget hurtig være forbi.“<sup>5</sup>

Þetta var ríkjandi viðhorf í Danmörku á fyrri hluta síðustu aldar því að flestum málsmetandi Dönum þótti áhugi Íslendinga á að stofna fullvalda þjóðríki hin mesta endaleysa. Gott dæmi um þá skoðun má finna í bréfi sem danski menningarvitinn Georg Brandes skrifaði til vinar síns, Matthíasar Jochumssonar skálds, snemma árs 1907. Tilefnið var tvær háðsgreinar sem Brandes hafði birt undir dulnefni skömmu áður í *Politiken*, þar sem sjálfstæðisbrólt Íslendinga var borið saman við ímyndaðar kröfur Amagerbúa um fullan aðskilnað frá Danmörku.<sup>6</sup> „Vi to gamle og erfarne Mænd“, skrifar Brandes, „maa kunne blive enige om at det er Vanvid for Befolkning paa 70,000 Mennesker at ville være en Stat for sig ... De har ingen Handel, ingen Industri, ingen Hær, ingen Flaade, de er tilsammen saa mange som en lille By af femte Rang i England eller Tyskland; de har intet andet end en berømt Fortid ...“<sup>7</sup>

Þetta viðhorf Brandesar var vitanlega ekki úr lausu lofti gripið því að við upphaf síðustu aldar var fátt sem benti til þess að Ísland gæti staðið á eigin fótum. Landsmenn voru reyndar lítið eitt fleiri en Brandes hafði haldið fram, eða rúmlega 80 þúsund, en til samanburðar voru íbúar eins úthverfis Kaupmannahafnar, Fredriksbergs, nokkru fleiri á þessum sama tíma.<sup>8</sup> Þar að auki vantaði Ísland

4 Sbr. ummæli Zahles forsætisráðherra í danska þinginu, sjá „Det islandske Spørgsmaal“, *Atlanten* 2 (1907–1911): bls. 470–471.

5 „Møde om Island“, bls. 436.

6 Jens Piter Jespersen, „Amagers Løsrivelse“, *Politiken*, 16. desember 1906, 3 og „Amagers Flag“, *Politiken*, 22. desember, bls. 3.

7 Francis Bull og John Landquist, ritstj., Georg og Edv. Brandes, *Brevveksling med nordiske Forfattere og Videnskabsmænd*, 3. bd. [Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1940], bls. 412–414.

8 Íbúafjöldi Íslands 1. janúar 1907 var 82.086 en Fredriksberg ári fyrr 87.594; sjá upplýsingar á vef Hagstofu Íslands ([www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)) og Danmarks statistik ([www.statbank.dk](http://www.statbank.dk)).

flest það sem þrýðir sjálfstæð ríki, og þá bæði stofnanir og samgöngutæki; það var helst forn ritmenning sem Íslendingar gátu státað sig af. Af þessum sökum höfðu íslenskir ráðamenn gert sitt ýtrasta á fyrstu árum aldarinnar til að kveða niður danskan orðróm um að Íslendingar vildu aðskilnað frá Danmörku. Þannig fullyrti Hannes Hafstein, fyrsti ráðherra íslensku heimastjórnarinnar, í viðtali við blaðamann *Politiken* snemma árs 1906 að það væri „ikke et Menneske paa Island, der for Alvor tænker paa, at Øen skulde rive sig løs fra Danmark“.<sup>9</sup> Landvarnarmaðurinn Einar Benediktsson tók í sama streng litlu síðar þegar hann sagði allt tal „Islands Løsrivelse fra Danmark“ vera „Ord ud i Luften; uansvarlig Tale, som inget Hensyn bør tages til ... Paa egen Ben kan Island ikke staa, og hvilket Lands Overhøjhed skulde vi hellere ønske end Danmarks!“<sup>10</sup> Þetta var líka í fullu samræmi við hefðbundna pólitíska stefnu Íslendinga, eins og hún hafði verið mótuð af Jóni Sigurðssyni um miðja 19. öld. „Ísland verður ekki neitt ríki eptir þessu,“ segir Jón t.a.m. um kröfur Íslendinga í grein sem hann skrifaði árið 1855 til að andmæla riti J. E. Larsens, rektors Kaupmannahafnarháskóla, um stöðu Íslands í ríkinu, „heldur sérstakur ríkishluti með frjállegu stjórnarfyrikkomulagi, sem land útaf fyrir sig, og þannig hlýtur sambandinu milli Íslands og Danmerkur að vera hagað, ef það á að vera varanlegt“. Aftur á móti mótmælti hann af festu öllum tilraunum til að innlima landið í Danmörku; slík innlimun væri „óhentug, skaðvæn og ómöguleg, hvort sem litið er á landslag, landsstjórn eða þjóðréttindi“.<sup>11</sup> Við hljótum því að spyrja okkur hvers vegna Íslendingar breyttu svo snögg um kúrs með því að hafna uppkastinu í kosningum til Alþingis árið 1908 og tóku eftir það ótrauðir stefnuna fyrst á fullvalda ríki og síðan á fullan aðskilnað frá Danmörku.

Þótt Danir hafi litið á þessa þróun mála sem einhvers konar sambland af ofdrambi og brjálsemi – ef ekki einfaldlega barnalegan óvitaskap – af Íslendinga hálfu þá var hún í raun eðlilegt viðbragð þeirra við því hvernig Danir sjálfir skilgreindu sig og danska ríkið eftir að það breyttist úr samsettu stórríki (*imperium*) í einsleitt

9 „Island og Danmark“, *Politiken*, 27. febrúar 1906, bls. 4.

10 „Island og Danmark“, *Politiken*, 4. desember 1906, bls. 5.

11 Jón Sigurðsson, „Um landsréttindi Íslands“, *Ný félagsrit* 16 (1856), bls. 98.

Þjóðríki á þeirri hálfu öld sem leið frá því að Noregur hvarf undan danskri stjórn árið 1814 þar til sameiginlegar hersveitir Prússa og Austurríkismanna tóku Slésvík-Holtsetaland herskildi árið 1864.<sup>12</sup> Ósigur Dana í orrustunni við Dybbøl vorið 1864 markaði loka-punkt þessarar umbreytingar danska ríkisins því að frá þeim tíma náði það einungis yfir svæðið sem kallaðist *det egentlige Danmark* í daglegu tali – hin *raunverulega* Danmörk – auk áðurnefndra eyja í Atlantshafi. Þar með voru allir gamlir draumar um danskt heimsveldi fyrir bí og Danir ákváðu að rækta frekar sinn eigin reit en að taka þátt í kapphlaupi stórveldanna um nýlendur. Hin kunnu hvatningarorð danska skáldsins H. P. Holsts, „For hvert et Tab igjen Ersatning findes, hvad udad tabes, det må indad vindes“, urðu að eins konar kjörorði dönsku þjóðarinnar á árunum eftir 1864 – eða, svo vitnað sé til danska sagnfræðingsins Rasmusar Glenthøjs: „Danskernes ideal blev den rene nationalstat“.<sup>13</sup> Á hinu nýja þjóðarheimili var í raun aðeins rými fyrir eina þjóð, Dani, sem mælti á danska tungu og leit á hið indæla land „der står med brede bølge / nær salten østerstrand“, eins og segir í þjóðsöng Adams Oehlenschlägers, sem sitt eina og sanna föðurland. Allir aðrir hlutar ríkisins hlutu aftur á móti að flokkast sem einhvers konar viðhengi og ef íbúar þeirra ætluðu að tengjast ríkinu tilfinningaböndum urðu þeir að laga sig að danskri menningu og háttum, um leið og þeir gæfu allar hugmyndir um eigið þjóðerni upp á bátinn.

Þetta er vitanlega kjarni hugmyndarinnar um þjóðríkið, a.m.k. eins og það hefur verið skipulagt í Evrópu síðustu aldirnar – land, þjóð og tunga mynda eina og sanna þrenningu sem helgar tilvist ríkisins. Danski stjórnámáladurinn Orla Lehmann orðaði þessa hugsun þannig í ræðu sem hann hélt árið 1865, í kjölfar ósigursins í Slésvíkurstriðinu, að hann liti á ríkið sem „den ydre Form, hvori og hvorigjennem et Folk, som en organisk Enhed og levende Personlighed, skal udfolde sit Livs Indhold“. Ef þjóðin, sem lífræn heild, átti að dafna og þroskast þá varð hún að ráða sér sjálf án afskipta og náinna tenginga við aðra þjóð. Þannig sagðist hann aldrei

12 Michael Bregnsbo og Kurt Villads Jensen, *Det danske imperium – storhed og fald* [Kaupmannahöfn: Aschehoug, 2004].

13 Orðatiltækið birtist fyrst á minnispeningi sem var sleginn í tilefni iðnaðarsýningar í Kaupmannahöfn árið 1872; Rasmus Glenthøj, 1864. *Sønner af de slagne* [Kaupmannahöfn: Gads forlag, 2014], bls. 476–480.

hafa „kunnet overtyde mig om, at de i det dansk-tydske Monarki forenede tvende Nationaliteter, der tilhøre tvende forskjellige, i Tankegang og Hjertelag, i Fortidsminder og Fremtidshaab adskilte, Folkefamilier, kunde betragtes som udgjørende eet Folk.“<sup>14</sup>

Íslenskir þjóðernissinnar voru algerlega sammála enda var þjóðernisstefna þeirra af nákvæmlega sama meidi og Lehmanns. Þeir voru allir þess fullvissir að Íslendingar væru sérstök þjóð, með sína eigin tungu, menningu og fortíð – og þar með framtíð. Það fólst því, að þeirra mati, tvöföld móðgun í nafni danska Atlantshafseyjafélagsins af því að þar var sagt að Ísland væri *dönsk* eyja um leið og íslensk þjóð var sett á bekk með öðrum nýlendu- og hjálenduþjóðum danska konungsríkisins. Þetta þótti mörgum Íslendingnum hin mesta smán því að á þennan hátt var þjóðinni gert „að vera á danskri seil með Færeingum, skrælingjum og svertingjum eins og hnappur á talnabandi“, svo vitnað sé til fréttar sem birtist um félagið í landvarnarblaðinu *Ingólfi* árið 1904.<sup>15</sup> Af þeim sökum var félagið jafnan kallað Skrælingjafélagið meðal stúdenta í Höfn og þeir höfðu takmarkaðan áhuga á að láta bendla sig við slíkan félagsskap.<sup>16</sup> Sjálfstæði íslensku þjóðarinnar varð því í raun eina rökrétta markmið íslenskra stjórn mála frá þeirri stund að Danir sjálfir afskrifuðu hugmyndina um að danska ríkið yrði sambandsríki margra þjóða, eitthvað í líkingu við Sviss.<sup>17</sup> Aðeins á sínu eigin heimili, svo við umorðum fullyrðingar Orla Lehmanns, gat íslensk þjóð þroskast og dafnað sem lífræn eining og lifandi persóna.

Svarið við spurningunni hvers vegna Íslendingar sneru eins snögglega og raun ber vitni frá þeirri sambandsstefnu sem þeir höfðu fylgt frá upphafi þjóðernisbaráttunnar og beindu sjónum að fullveldi er því einföld. Staðreyndin var sú að Danir gerðu lítið til að rækta sambandið við íbúa eyjanna í Atlantshafi og því fór fjarri að Íslendingar litu nokkurn tíma á sig sem Dani. Tengslin við Danmörku voru í þeirra augum lítið annað en illnaudsynlegt hagsmunasamband sem byggðist helst á því að landssjóður Íslands fékk

14 *Orla Lehmanns Efterladte Skrifter*, 4. bd., ritstj. Carl Plough [Kaupmannahöfn: Gyldendalske Boghandel, 1874], bls. 125.

15 Þrándur, „Skrælingjafélagið“, *Ingólfr*, 31. janúar 1904, bls. 15.

16 Margrét Jónasdóttir, *Í Babylon við Eyraarsund* [Reykjavík: Hið íslenska fræðafélag, 1996], bls. 73.

17 Sjá Ove Korsgaard, *Kampen om folket. Et dannelsesperspektiv på dansk historie gennem 500 år* [Kaupmannahöfn: Gyldendal, 2004], bls. 268–306.



verulegt tillag úr ríkissjóði og sambandið opnaði aðgang Íslendinga að bæði ókeypis háskólamenntun og ýmiss konar sérfræðiþjónustu sem landsmenn gátu ekki veitt sjálfir. Um leið og dró úr mikilvægi þessara þátta fyrir Íslendinga á fyrri helmingi 20. aldar, m.a. með lækandi framlagi frá Danmörku og aukinni menntun, var öllum hindrunum smám saman rutt úr veginum í átt til sjálfstæðis.<sup>18</sup>

Nú, einni öld síðar, eru kröfur um aukið sjálfstæði orðnar áberandi í þeim tveimur fyrrverandi hjá- eða nýlendum Danmerkur sem enn eru eftir í ríkissambandinu (*Rigsfællesskabet*). „Hvis Færøerne skal finde sine ben og sine styrker,“ skrifar Høgni Hoydal, leiðtogi færeyska stjórnáflokksins Tjóðveldi, í bók frá árinu 2000, „må færingerne tage det fulde ansvar for sig selv og blive en selvstændig stat.“ Ríkiseiningin með Danmörku, fullyrðir hann í titli bókarinnar, er einber goðsögn sem engin ástæða er til að halda á lífi.<sup>19</sup> Svipaðar hræringar hafa sett svip sinn á grænensk stjórnámál á undanförunum árum, með vaxandi áhuga á fullum aðskilnaði frá Danmörku. „Grønland er uigenkaldelig på vej mod selvstændighed,“ sagði t.a.m. í stjórnarsáttmála grænensku ríkisstjórnarinnar sem mynduð var árið 2016 undir forystu Kims Kielsen, „og denne proces kræver ikke alene politisk stabilitet, men også national samling.“<sup>20</sup> Þessum áætlunum hefur verið tekið í Danmörku með svipuðum efa og einkenndi viðbrögðin við kröfum um íslenskt fullveldi fyrir rúmri öld. Það er „ikke en snebolds chance i helvede for,“ sagði t.a.m. danski undiraðmírallinn Nils Wang fyrir nokkru, „at Grønland og Færøerne kan stå på egne ben som selvstændige nationer med et langtidsholdbart økonomisk grundlag og alt, hvad der i øvrigt hører til.“<sup>21</sup>

18 Framlagið úr ríkissjóði nam þriðjungi áætlaðra tekna landssjóðs Íslands í fyrstu fjárlögum Alþingis árið 1875, en aðeins 2,5% í síðustu fjárlögum heimastjórnar árið 1917. Ástæðan var hvorttveggja sú að framlagið lékkði í krónum talið og verðmæti þess rýmaði verulega í óðaverðbólgu fyrri heimsstyrjaldar; *Alþingistíðindi* 1875, fyrri partur, bls. 120–121; *Alþingistíðindi* 1917, A, Þingskjöl, 1551–1552; sjá einnig Guðmundur Hálfðanarson, „Adskillelse vil betyde Islands Ødelæggelse“: islandsk selvstændighedspolitik og adskillelse fra Det danske Rige“, *Politica* 51:4 (2019): bls. 423–440.

19 Høgni Hoydal, Myten om rigsfællesskabet – vejen til en selvstændig færøsk stat [Kaupmannahöfn: Lindhardt og Ringhof, 2000], bls. 10.

20 „Koalitionsaftale 2016–2018“, 2016, Naalakkersuisut – landsstjórn Grænlands, 27. október 2016. [http://naalakkersuisut.gl/~media/Nanoq/Files/Attached%20Files/Naalakkersuisut/DK/Koalitionsaftaler/Koalitionsaftale\\_S\\_IA\\_PN\\_2016\\_2018.pdf](http://naalakkersuisut.gl/~media/Nanoq/Files/Attached%20Files/Naalakkersuisut/DK/Koalitionsaftaler/Koalitionsaftale_S_IA_PN_2016_2018.pdf).

21 Martin Breum, *Hvis Grønland river sig løs – en rejse i kongerigets sprækker* [Kaupmannahöfn: Gyldendal, 2018], bls. 44.

Yfirlýstur tilgangur danska Atlantshafseyjafélagsins var, eins og áður sagði, að efla samstöðu meðal allra íbúa ríkisins, m.a. með því að auka þekkingu Dana á náttúru og þjóðlífi eyjanna í Atlantshafi undir þeirra stjórn. Þetta mistókst hrapallega, enda var félagið lagt niður í upphaflegri mynd eftir að dönsku Vestur-Indíur höfðu verið seldar til Bandaríkjanna árið 1917 og Ísland stofnaði eigið ríki ári síðar.<sup>22</sup> Flest bendir til þess að núverandi ríkiseining Danmerkur, Færeyja og Grænlands, *Rigsfællesskabet*, fari sömu leið, því að staðreyndin er sú að Færeyingar og Grænlandingar – líkt og Íslendingar forðum – líta á eyjarnar sem þeir búa á sem sína eign en ekki danska, um leið og Danir hafa í raun alltaf talið ríkið danskt frekar en sameiginlega eign með jaðarþjóðum norður í Atlantshafi. Því virðist fátt geta komið í veg fyrir endanlega upplausn hins forna danska stórríkis, hvenær sem það gerist eða hvað sem allri skynsemi líður.

---

22 Sbr „Ekstraordinær Generalforsamling“, 5 (1918–1919), bls. 269–276.

## “Historien er aldrig skrevet eller vist én gang for alle” – om fejring af hundredåret for Islands selvstændighed<sup>1</sup>

Tiden omkring hundredåret for islandsk selvstændighed i 2018 var præget af mange og forskelligartede fejring. Foruden de mange festlige begivenheder, hjertelige lykønskninger fra nær og fjern og officielle besøg pegede visse markeringer på hver deres vis på centrale spørgsmål og interessante problemstillinger, som vedrører selvstændighedsprocessen. Meget blev for eksempel sagt og skrevet om relationen mellem Danmark og Island – både før og nu – i forbindelse med det danske folketings daværende formand, Pia Kjærsgaards, deltagelse ved højtideligholdelsen på Þingvellir den 18. juli 2018. Allerede på dagen var der forskellige parter, som gav udtryk for deres misbilligelse af Kjærsgaards deltagelse. Under mødet markerede to kuratorer og samfundsdebattører deres utilfredshed ved at lade to hvide versioner af det islandske flag vaje over pladsen,<sup>2</sup> mens en gruppe altingsmedlemmer i protest undlod at deltage.

- 
- 1 Denne artikel bygger på min analyse, som er udviklet i forbindelse med: Kirsten Thisted and Ann-Sofie Gremaud (eds.) (forthcoming), *Denmark and the New North Atlantic: Narratives and Memories in a Former Empire*, Aarhus: Aarhus Universitetsforlag. Overskriften henviser til præsident Guðni Th. Jóhannessons ord ved åbningen af udstillingen *Lífsblómíð* i 2018: “[S]agan er aldrei skráð eða sýnd í eitt skipti fyrir öll”. [https://www.forseti.is/media/3836/2018\\_07\\_17\\_listasafn\\_isl\\_lifsblomid.pdf](https://www.forseti.is/media/3836/2018_07_17_listasafn_isl_lifsblomid.pdf)
  - 2 Guðny Guðmundsdóttir og Sara S. Öldudóttir benyttede Unnar Örn Auðarsons værk *Opaque Shadow* (2015) til at markere en kritik af den etnonationalisme og det fremmedhad, som de anser som værende en iboende risiko ved nationsdannelsesprocesser samt en del af den fremherskende nationalisme i Europa. Se: <https://www.facebook.com/Sykuralda/posts/10156462114269402> [sidst tilgæet den 8. august 2018]

Selvom protesterne udsprang af en kritik af den immigrationskritiske politik, som Kjærsgaard står for, fik efterspillet klang af postkoloniale uoverensstemmelser. I polemikken, som fulgte, blev Kjærsgaard af altingsmedlem for Samfylkingin Guðmundur Andri Thorsson betegnet som en “stórdani”.<sup>3</sup> Kjærsgaard sværgede da også til velkendte imperialistiske troper, da hun infantiliserede de islandske politikere ved at kalde dem uopdragne.<sup>4</sup> Polemikken, som bølgede frem og tilbage, var et godt eksempel på, hvordan en markering af et historisk skæringspunkt også hurtigt bliver et diskursivt knudepunkt for centrale aktuelle debattråde, som væves sammen. Og i dette tilfælde, hvor temaet for markeringen var et af de største skridt på nationens politiske vej mod selvstændighed, var knudepunktet ikke bare tungt af fortættede tematikker, men også af følelser – ikke mindst i kølvandet på det økonomiske kollaps i årene efter 2008.

Hvor relationen til Danmark var et selvsagt spor i markeringerne, var der også andre interessante tematikker, som blev udvalgt af officielle institutioner som omdrejningspunkter for udstillinger og seminarer i anledning af hundredårsdagen for islandsk uafhængighed. Det første var forholdet til og kontakten med Grønland – og dermed også et fokus på årsagerne til manglen på kontakt. Dette fokus sås blandt andet ved Islands Universitets markeringer. Ved seminarer og på udstillinger i 2018 med fokus på naboskabet mellem Island og Grønland blev historiske eksempler på interaktion brugt som et afsæt til samtaler om nutidens gensidige interesse i at styrke båndene. Der var tale om samtaler, der både adresserede forholdet til den centrale magt i København, fortidens møder i regionen, men også svære aspekter af de to nordatlantiske landes relation, som også indebar både fordomme, imperialistiske ambitioner og distancering. Det andet – og på sin vis overraskende tema – var

3 Guðmundur Andri Thorsson, “I Island har vi et ord for en, der som Pia Kjærsgaard opfører sig som en hoven, dansk koloniherre: En ‘stórdani’”, *Information*, 28 Juli 2018, [https://www.information.dk/debat/2018/07/island-ord-pia-kjaersgaard-opfoerer-hoven-dansk-koloniherre-stordani?utm\\_medium=social&utm\\_campaign=btn&utm\\_source=facebook.com&utm\\_content=tp&fbclid=IwAR20T2i2hsudU9vv1XFkb1Gx\\_MzKIfmnnHatc58VN0WbofJIPsBsfr63ozc](https://www.information.dk/debat/2018/07/island-ord-pia-kjaersgaard-opfoerer-hoven-dansk-koloniherre-stordani?utm_medium=social&utm_campaign=btn&utm_source=facebook.com&utm_content=tp&fbclid=IwAR20T2i2hsudU9vv1XFkb1Gx_MzKIfmnnHatc58VN0WbofJIPsBsfr63ozc) [sidst tilgået den 19. juli 2018]

4 “Pia Kjærsgaard til modangreb efter boykot: ‘Partier på Island er direkte uopdragne’”, *Politiken*, <https://politiken.dk/indland/politik/art6633999/%C2%BBPartier-p%C3%A5-Island-er-direkte-uopdragne%C2%AB> [sidst tilgået den 19. juli 2018]

nationbygningsprojektets skrøbelighed. Det var omdrejningspunktet for den store udstilling kaldet *Lífsblómið*, som var resultat af et samarbejde mellem det islandske rigsarkiv, Islands Nationalgalleri (Listasafn Íslands) og Det Arnamagnæanske Institut. Udstillingen, som kunne opleves på Islands Nationalgalleri, viste et mod til at grave i problematiske aspekter ved selvstændighedsnarrativet og begivenhederne, der fokuserede på Grønland, viste en historisk nysgerrighed, som også skal ses i lyset af tidens politiske ambitioner om at styrke Islands geopolitiske positionering i Arktis.

Udstillingens islandske titel *Lífsblómið* (da. Livsblomsten) er inspireret af romanen *Frie Mænd* (is. *Sjálfstætt fólk*) af Halldór Laxness (1934), og som der står på udstillingens hjemmeside, udforsker udstillingen “den dybe længsel efter selvstændighed”.<sup>5</sup> Både i kraft af titlens reference og den måde, udstillingen var struktureret på af kuratoren Sigrún Alba Sigurðardóttir, tilskyndede den til en kritisk tilgang til den nationale mærkedag og til selvstændighedsnarrativet. Dette blev fremhævet ved åbningen af udstillingen i juli 2018 af præsident Guðni Th. Jóhannesson, som selv er uddannet historiker. Her påpegede han, at udstillingen fremhævede det faktum, at historie aldrig skrives eller vises én gang for alle, men er – og bør være – en løbende samtale mellem forskellige parter, som ofte er uenige.<sup>6</sup>

Fire hovedtemaer blev markeret skriftligt på vægge og gulv i udstillingsrummet: 1) *Var Island en dansk koloni?* 2) *Hvem tog beslutningen om selvstændighed?* 3) *Ejerskab af naturressourcer* 4) *Konflikter vedrørende naturressourcer og kulturarv*.

Disse temaer dannede den kuratoriske ramme for udvælgelsen af inkluderede kunstværker og genstande og fungerede dermed som røde tråde i de besøgendes oplevelse af udstillingen. Temaerne skabte tilsammen et fokus på magtforhold – både internationale og nationale – og på nogle af de største konflikter mellem den island-

5 <https://www.listasafn.is/syningar/fullveldissyning-i-listasafni-islands> [sidst tilgæet den 4. oktober 2019]

6 “Lífshættir breytast stöðugt í samfélagi samtímans og listin sömuleiðis. Það sýnir þessi fullveldissýning en sagan er aldrei skráð eða sýnd í eitt skipti fyrir öll. Þau sannindi hefur sýningarstjórnin Sigrún Alba Sigurðardóttir bent á og undir orð hennar má taka. Um leið sýnir þessi sýning hversu brýnt það er að muna og ræða um hvaðan við komum, hvað við höfum þegar skapað og hvers vegna. Þær minningar verða aldrei eins og því samtali má heldur aldrei ljúka”. [https://www.forseti.is/media/3836/2018\\_07\\_17\\_listasafn\\_isl\\_lifsblomid.pdf](https://www.forseti.is/media/3836/2018_07_17_listasafn_isl_lifsblomid.pdf) [sidst tilgæet den 5. oktober 2018]

ske stat og dens egne borgere såvel som andre lande. Samspelet mellem stærke kulturelle narrativer og skrøbelighed som en iboende del af nationsopbygningen og de konkrete historiske udfordringer var således et ledemotiv i udstillingen. Et lille udvalg af gamle manuskripter udgjorde hjertet af udstillingen (disse befandt sig i et særskilt rum konstrueret i midten af udstillingsrummet) og pegede på denne gyldne tidsalder i islandsk litteraturs centrale stilling i islandsk kultur og i opfattelser af “det islandske” både i indland og udland. Tonen for en (selv)kritisk reflekterende fordring af de besøgende blev sat med det dramatiske pressefoto, som fungerede som blikfang ved indgangen. Billedet blev taget i dagene med konfrontationer og demonstrationer i Reykjavík efter det økonomiske sammenbrud i 2008 og viser en ung teenagedreng, som lægges i håndjern af politiet på asfalten. Ved siden af billedet hang en kort artikel bragt i en lokal avis fra 1918, som fremhævede skrøbeligheden i den nyfundne suverænitet og en advarsel mod de destruktive interne processer, der kunne føre til, at den igen kunne mistes – som det var tilfældet i den såkaldte Sturlungetid. Fra det første møde med udstillingen blev der således præsenteret en fortælling, der adskiller sig fra den narrative logik, som kulturteoretiker David Scott kalder en postkolonial romance.<sup>7</sup> Den beskriver Scott som en genkendelig teleologisk struktur, som altid indeholder en mørk tid under en fremmed magt, “(...) efterfulgt af opblomstringen af den store kamp mod denne undertrykkelse og dominans, og af den gradvise opbygning af denne kamp, når den går gennem op- og nedture, midlertidige gennembrud og tilbageslag, men støt og sikkert bevæger sig mod den endelige overvindelse, den endelige frigørelse.”<sup>8</sup> Og ifølge Scott er slutresultatet i dette narrativ, som henter inspiration fra romancens litterære form, således altid givet: den suveræne nationalstat. Narrativet er drevet emotionelt af en længsel efter det tidspunkt, hvor nationalstaten etableres. Den islandske udstilling reflekterede imidlertid en position på den anden side af det opnåede mål: Nationalstaten er en realitet, men har vist sig at være skrøbelig. Udstillingens tilgang skaber dermed

7 David Scott, *Conscripts of Modernity. The Tragedy of Colonial Enlightenment*, Durham, N.C.: Duke University Press, 2004; *David Scott by Stuart Hall*, interview i: *BOMB Magazine*, 1. Jan. 2005.

8 *David Scott by Stuart Hall*. [Min oversættelse].

plads til mere kompleksitet og refleksion, end en romance-inspiret forståelsesramme ville give mulighed for. Her blev Island vist som et samfund, der flere gange er blevet påvirket af kriser. Via krisens optik blev elementer af landets historie således præsenteret og diskuteret i lyset af historiske kræfter, der er kollideret. Således var det i højere grad den rodede og besværlige litterære tragedies format, som Scott ynder at fremhæve som en mere realistisk optik til at forstå statsdannelse,<sup>9</sup> der blev brugt til at skabe et refleksionsrum i udstillingen. Udstillingens ordnende narrativ syntes da også at være mere organisk end lineært teleologisk, idet fortidens interne og eksterne konflikter på tankevækkende vis fik lov at sive ind i de nutidige – og vice versa. Det tragiske element (sådan som Scott definerer det) fik endnu en dimension via udstillingens titel og dennes reference til Halldór Laxness roman (1934) om fattige landarbejdere og bønder, særligt Guðbjartur (Bjartur) Jónsson og hans altopslugende kamp for at løsrive sig og være selvforsørgende. Fortællingen peger på selvstændighedens potentielle pris, idet Bjarturs første kone og hans børn i forskellige sammenhænge kan siges at blive ofre for denne stræben og ikke mindst for hans stædighed.

I sin helhed blev udstillingen på frugtbar vis en diskussion – snarere end en fejring – af værdier, etik og det komplekse følelseslandskab, der er forbundet med fortællingen om Islands fortsatte nationsdannelse. Mere ensidige nationalistiske narrativer, der ville placere Island i et U-formet narrativ, hvor uafhængighed er det ubestridelige naturlige endepunkt (svarende til Scotts romance), blev erstattet af en rød tråd, der fremhævede skrøbelighed, usikkerhed og satte spørgsmålstegn ved, hvad det vil sige at være uafhængig. Efter det politiske og økonomiske sammenbrud i 2008 og den efterfølgende krise er det nationalistiske narrativ, som har selvstændigheden som sit endemål og derfor ikke tilbyder mange løsninger på de kriser, som måtte opstå derefter, blevet udfordret af forfattere, politikere, akademikere, komikere, kunstnere osv. Udstillingen viser dermed klare referencer til denne kritiske diskurs og indskriver sig i denne slipstrøm, hvor grundlæggende diskussioner om

---

9 David Scott, *Conscripts of Modernity*, s. 47, 135.

nationens fortid, nutid og fremtid er hvirvlet op. Udstillingen var udtryk for en modig tilgang til jubilæet, idet den udtrykte kritiske spørgsmål til og usikkerhed omkring nationsdannelsesprojektet i netop sådan en stund. Men måske var dette netop den bedste måde at tage projektet alvorligt på.



SOFIYA ZAHOVA  
UNIVERSITY OF ICELAND

## The First Records of Roma Visiting Iceland

### Introduction

Until recently, both Icelandic academics and researchers of Romani Studies believed Iceland was a Roma-less territory with a rather homogeneous and isolated population in which Gypsy/Roma people were unseen until late twentieth century. Despite this lack of actual contact, an image of *Gypsies* has still been present in Iceland, and – similar to everywhere in the Western World (Bogdal 2011) – has been shaped by literature, art, and folk narratives portraying Gypsies/Roma between two interrelated extremes: an exotic one and a marginal one (see more about the interrelated discourses on Gypsies as marginal and exotic in Marushiakova and Popov 2011; Silverman 2012: 9). This image was upgraded recently as a consequence of the media attention to Eastern European Roma migrants begging or living on the streets of the big Nordic cities. These migrations have been discussed in recent academic publications in the respective countries (see for instance Ravnbøl 2019; Simonsen, Larsen, and Engebrigtsen 2018; Tervonen and Enache 2017; Wagman, Johansson and Fristedt 2019).

When I moved to Iceland in 2016<sup>1</sup> I found out that the country was already receiving Roma migrants who were part of the Eastern European labour migrant communities and that the number of

---

1 The reason for moving to Iceland was the start of my postdoctoral project *Romane Lila. The entangled history of Romani identity politics and Romani publications* supported by The Icelandic Centre for Research – RANNÍS. The project was implemented under the supervision of Auður Hauksdóttir at the Vigdís Finnbogadóttir Institute of Foreign Languages.

Romanian Roma migrating to Iceland has grown significantly in the period after 2016. But my assumption was that Roma had not been present in Iceland in any other historical period prior to the 2000s when Romanian Roma, as an effect of the free-travel possibilities after Romania joined the EU, came to Iceland. I was thus very surprised to be contacted by Bethina, a Danish woman living in Iceland, with the information that Roma had been involved in horse dealing in Iceland before the First World War. Bethina had been doing her own personal research on Roma in Denmark, and one of the sources she reviewed mentioned a family of Roma visiting Iceland in the summer of 1911. The meeting with Bethina and the sources she pointed out to me sparked my interest to further investigate this possible visit and to find other local sources documenting it.

